



SKOÐUN Teitur Guðmundsson skrifar um áhrif kannabisreykinga á heilsufar. **13**



TÍMAMÓT Ragna Ingólfsson dóttir badmintonkona talar á málþingi NLF í kvöld. **16**



LÍFID Plötusnúðurinn Intro Beats lenti í nýstárlegri svikamyllu. **40**



SPORT Það var mikið um dýrðir í Hólminum er stór titill vannst í körfunni. **26**

LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP
Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið

Sjónvarpsmiðstöðin Síðumúla 2
www.sm.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur
8. apríl 2014
83. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Krefjast aðskilnaðar

Hópar rússneskumælandi fólks í austanverðri Úkraínu réðust um helgina inn í stjórnarbyggingar í þremur héraðum. **10**

Brottfallið óljóst enn Nemendur sem mættu í framhaldsskólana á fyrsta kennsludegi eftir verkfall voru ánægðir með að snúa aftur í skólann. **2**

Vilja fá meira Flugvallarstarfsmenn vilja fá meiri hækkun en prósentin sex sem búið var að bjóða þeim. **4**

Kostnaður tvöfaldast Aldraðir, öryrkjar og aðrir sem nota neyðarhnapp þurfa nú að greiða helmingi meira fyrir þjónustuna en áður. **4**

Fleiri konur fá gjafasæði

Um helmingur þeirra sem fara í tæknisæðingu hjá Art Medica eru einhleypar og samkynhneigðar konur. Flestar velja að barnið geti fengið upplýsingar um sæðisgjafa við 18 ára aldur. Einhleypar konur sem nálgast fimmtugsaldurinn treysta ekki á að finna rétta manninn og nýta sér því í auknum mæli að kaupa gjafasæði.

HEILBRIGÐISMÁL Aukist hefur til muna að einhleypar konur nýti sér tæknisæðingu til barneigna. Árið 2008 var lögum breytt þannig að samkynhneigðar konur gátu keypt gjafasæði hjá tæknifrjóvgunarstöðinni Art Medica og árið 2009 bættust einhleypar konur í hópinn.

Þórður Óskarsson, kvensjúkdómalæknir hjá Art Medica, segir að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafi verið framkvæmdar 66 tæknisæðingar með gjafasæði og

eru það í langflestum tilfellum einhleypar og samkynhneigðar konur.

Árlega eru framkvæmdar um 450-600 tæknisæðingar á Art Medica. Þar af eru um 250 meðferðir með gjafasæði.

„Einhleypar konur eru stækkandi hópur hér hjá okkur. Auðvitað hefur lagasetningin sitt að segja en hópur kvenna, sem ákveða að eignast barn einar, er líka stækkandi. Margar þeirra sem koma til okkar hafa einbeitt sér að starfsframa sínum og

verið uppteknar í því. Svo vakna þær upp í kringum fertugt og þær sem hafa alltaf hugsad sér að eignast barn vita að þær þurfa að gera eitthvað í því á meðan það er hægt. Þá getur verið svolítið seint að rjúka til og finna einvern mann.“

Langflestar einhleypar konur og samkynhneigð pör velja opinn sæðisgjafa. „Þá geta börnin fengið að vita hver sæðisgjafinn er við 18 ára aldur ef þau hafa sjálf frumkvæði að því. Gagnkynhneigð pör sem

66 konur fengu gjafasæði á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

þurfa gjafasæði velja yfirleitt gjafa sem ekki má gefa upplýsingar um.“

Þegar tæknisæðing gengur ekki er boðið upp á glasafríjvgun. Frá 2008 hafa samkynhneigðar konur farið í 93 meðferðir og einhleypar í 232 meðferðir frá árinu 2009. -ebg



MÆÐGUR Helen Breiðfjörð með tveggja ára dóttur sína, Lilly Guðrúnu Breiðfjörð. Helen fékk gjafasæði en ákvað að fá engar upplýsingar um sæðisgjafann því hún sá fyrir sér að það gætu orðið vonbrigði fyrir dótturina seinna meir enda færi sæðisgjafinn ekki í hlutverk föður. Það eina sem hún veit er að hann er dókkhærður, hávaxinn og menntaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MIG LANGAÐI Í BARN

Helen Breiðfjörð eignaðist dótturina Lilly Guðrúnu Breiðfjörð fyrir tveimur árum eftir að hafa fengið gjafasæði. „Ég átti ekki mann, var að nálgast fertugt og ég vildi tryggja að ég myndi eignast barn. Ég íhugaði lengi að ættleiða en fór svo þessa leið eftir lagabreytinguna.“

Helen segist ekki finna fyrir fordómum en að margir séu forvitnir. „Ég er alveg ófemin að tala um þetta og það vita allir að barnið á ekki pabba. Hún á fullt af föðurímmyndum, til dæmis föður minn og bræður, en hún elst upp við að eiga ekki pabba. Ég hef fengið ófá símtöl frá forvitnum konum sem eru að íhuga að fara þessa leið.“

Helen segir mikilvægt að hafa góðan stuðning. „Það er mun meiri vinna að vera einn með barn en ég hefði gert mér grein fyrir enda eru engar pabbahelgar eða slíkt. Foreldrar mínir hafa aftur á móti stutt mig ótrúlega mikið og dóttirin á annað heimili hjá þeim, enda gæti ég ekki verið í minni vinnu ef ég fengi ekki þann stuðning. Mikilvægt er að skoða stuðningsnetið í kringum sig áður en maður tekur ákvörðun um að ala einn upp barn.“

„Hún á fullt af föðurímmyndum, til dæmis föður minn og bræður, en hún elst upp við að eiga ekki pabba.“

Helen Breiðfjörð.



Bolungarvík	6°	SA	6
Akureyri	9°	S	4
Egilsstaðir	7°	SSA	4
Kirkjubæjarkl.	8°	SSV	3
Reykjavík	7°	SSV	6

SKÚRIR SYÐRA Í dag verða víðast sunnan 5-10 m/s. Skúrir sunnan til en bjart fyrir norðan. Hiti 3-12 stig mildast NA-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk



Utanríkismálanefnd fjallar um nýja Evrópuskýrslu á fundi sínum í dag:

Telur túlkun byggja á óskhyggju

UTANRÍKISMÁL Birgi Ármannssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokks og formanni utanríkismálanefndar, sýnast ekki nýjar staðreyndir eða upplýsingar vera í nýrri Evrópuskýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

„Mér sýnist margt í niðurstöðunum og túlkun á þeim byggja á dálftilli óskhyggju,“ segir Birgir. „Túlkunin ber vitni



um að menn geri sér væntingar um að það sem óljóst er, varðandi sérlausnirnar, falli Íslendingum í vil yrði viðræðunum haldið áfram. Sú túlkun virðist eingöngu byggð á óljósum ummælum embættismanna í Brussel og þessar væntingar greina á milli þessarar skýrslu og skýrslu Hagfræðistofnunar.“

BIRGIR ÁRMANNSSON

Skýrsluhöfundar kynna skýrsluna fyrir utanríkismálanefnd í dag. „Margt gefur tilefni til umfjöllunar og umræðu í nefndinni og ég tel að það sé vel þess virði að fara yfir skýrsluna og skoða hvaða forsendur liggja að baki ályktunum.“

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu þar sem hann hafði ekki náð að kynna sér skýrsluna nægilega vel. -ebg / sjá síður 6 og 8

LÉTT OG LAKTÓSAFRÍ

NÝR PÁSKABURRITO

FRESH * HAPPY * MEX

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla og Vesturbergi

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

SPURNING DAGSINS



Sigursteinn, er niðurstaðan ekki hvalreki fyrir ykkur?

„Hún er mikill hvalreki fyrir dýraverndunarsinna en vonandi ekki kvalræði fyrir aðra.“

Sigursteinn Músson er talsmaður dýraverndunarsamtakanna IWWF. Ný skoðanakönnun sýnir að um 73 prósent Íslendinga telja mikilvægt að hvalveiðar séu manúðlegar.

Fyrirverandi fjármálastjóri sagði lánveitinguna til Aurum ekki brot á lögum:

Kannaðist ekki við samþykki

DÓMSMÁL „Ég get ekki hafa komið að þeirri ákvörðun,“ sagði Róssant Már Torfason, fyrirverandi fjármálastjóri Glitnis, sem kannaðist ekki við að hafa gefið samþykki sitt fyrir lánveitingu bankans til félagsins FS38, þrátt fyrir að nafn hans sé skráð á samþykki áhættunefndar. Hann sagði fyrir dómi í Aurum-málinu í gær, þar sem fjórir eru ákærðir fyrir umboðssvik og hlutdeild í þeim, að hann hefði verið utan net- og símasambands á Vestfjörðum þegar ætlað sam-

þykki á að hafa verið veitt. Róssant sagði jafnframt í vitnisburði sínum í gær að hann hefði verið móttfallinn lánveitingunni en taldi þó ekki að hún bryti gegn lögum eða reglum Glitnis.

Dórólfur Jónsson, fyrirverandi yfirmaður hjá Kaupþingi, gaf einnig skýrslu. Hann kom að samskiptum við Aurum á fyrstu stigum málsins og sagði að full alvara hefði verið á bak við viðræðurnar, þvert á það sem sérstakur saksóknari hefur haldið fram. - fbj



HLÉ Á ADALMEDFERÐ Skýrslutaka heldur áfram í Aurum-málinu í dag en síðan verður gert hlé fram í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aukið frjálsræði kirkna: Prestum mögulega fækkað

DANMÖRK Þjóðkirkjan á að hafa meira um það að segja hvernig fjáframlögum sem hún fær frá ríkinu er varið. Þetta er tillaga nefndar á vegum danska ríkisins. Á vef Kristilega dagblaðsins segir að þar með verði ekki lengur ákveðin upphæð ætluð til launa presta og prófesta. Slíkt vekur upp spurningar um hvort breytingarnar geti leitt til þess að færri prestar verði ráðnir. Söfnuðirnir neyðist kannski til að láta viðhald kirkna hafa forgang. - ibs



RÁÐAMENN Í MALASÍU Blaðamannafundur var haldinn í gær þar sem merki sem greinst hafa á Indlandshafi eru sögð vekja nýja von.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Merki talin lofa góðu um að finna megi Malasíuflugvélinna:

Leitarbúnaður sendur í djúpið

ÁSTRALÍA, AP Næsta skref í leitinni að Malasíuflugvélinni, sem týndist fyrir tæpum mánuði, er að sjálfvirkur leitarbúnaður verður sendur niður í undirdjúpin til að leita að svarta kassanum.

Merki sem greind voru á leitarsvæðinu eru talin geta verið úr svarta kassa vélarinnar. Ráðamenn í Malasíu segja greiningu merkanna gefa von um að nú geti farið að stytast í að eitthvað finnist.

Leitarbúnaðurinn er frá bandaríska hernum og getur leitað á hafsbotninum í sextán stundir í einu. - gb

Ummæli Garðars sögð röng:

Tilboðið án skuldbindinga

STJÓRNSÝSLA Fjármálaráðuneytið segir ekkert til í þeirri fullyrðingu Garðars Eiríkssonar, talsmanns landeigenda hluta Geysis-svæðisins, að tilboð ríkissjóðs hafi falið í sér afsal réttinda landeigenda.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá ráðuneytinu í gær. Þar segir að tilboðið, sem hljóðar upp á greiðslu kostnaðar til verndar Geysis-svæðinu næstu tvö ár, geri enga kröfu um afsal réttinda.

Þess er einnig getið að sameigendur ríkisins að hluta svæðisins hafi ekki svarað tilboðinu á nokkurn hátt til þessa. - bá

Skuldalækkun rædd á þingi:

Pétur styður ekki frumvarpið

ALÞINGI Pétur H. Blöndal, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti því yfir á þingi í gærkvöldi að hann styðdi ekki frumvarparfrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Þar með hafa tveir af þremur fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd tilkynnt að þeir styðji ekki frumvarpið en Vilhjálmur Bjarnason mælti einnig gegn því í gær.

„Það verður bara að koma í ljós hvernig við vinnum þetta saman,“ segir Ragnheiður Ríkhardsdóttir, þriðji fulltrúi flokksins í nefndinni. - bá

Óljóst hvort brottfall nemenda sé mikið

Peir nemendur sem mættu í framhaldsskólana á fyrsta kennsludegi eftir verkfall voru ánægðir með að vera komnir aftur í skólann. Nemendur hafa áhyggjur af því að erfitt verði að ná upp töpuðum námstíma. Búist var við að færri myndu mæta.

MENNTAMÁL Kennsla hófst aftur í framhaldsskólum í gær eftir þriggja vikna verkfall.

Peir skólameistarar sem Fréttablaðið ræddi við voru sammála um að heimtur nemenda væru betri en búist var við þrátt fyrir að for-

dæmin sýni að brottfall nemenda aukist verulega í verkfalli.

Það var mikil stemning í Fjölbaut við Ármúla og nemendur greinilega fegnir að vera mættir aftur í skólann. Þó er ugður í nemendum sem margir hverjir

óttast að verkfallið hafi haft neikvæð áhrif á námið og erfitt gæti reynst að ná settum markmiðum og klára önnina. Nemendur reyna þó að vera bjartsýnir þrátt fyrir áhyggjurnar.

snaeros@frettabladid.is



„Þetta leit ljómandi vel út og nemendur mættu vel. Við sáum ekkert brottfall í dag

en það er of fljótt að segja til um það. Þetta er spurning hvort þeir skili sér í próf þegar þar að kemur.

Dóra Ármannsdóttir, skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík



„Okkur sýndust heimtur vera öllu betri en oftast á mánudagsmorgnum. Þetta var betra en við áttum von á en auðvitað eru ekki öll kurl komin til grafar. Kennarar voru mjög ánægðir að vera komnir aftur til starfa.

Ólafur H. Sigurjónsson, aðstoðarskólameistari Fjölbautaskólans við Ármúla




„Mér finnst gott að vera kominn aftur í skólann, það er komin meiri rúttína aftur á lífið. Það eru margir sem mættu ekki í dag en ég held að þeir komi á morgun og hafi ekki orðið varir við að verkfallið væri búíð.

Marínó Breki Benjamínsson nemandi við Fjölbautaskólann við Ármúla



„Ég veit að það voru færri veikindatilkynningar í morgun en flesta daga en það er nokkur hópur fjarverandi af ýmsum misjafnlega löggildum ástæðum. Ég hef á tilfinningunni að mætingin hafi verið þökkaleg.

Magnús Þorkelsson, skólameistari Flensborgarskólans



„Flestir vinir mínir eru að mæta en margir eru stressaðir fyrir því að ná öllu upp. Ég var í tímum í morgun og það voru helmingi færri krakkar en voru fyrir verkfall svo það er líklegt að sumir ætli ekki að byrja aftur fyrr en eftir sumarfrí.

María Christina Thorarensen formaður nemendafélags FÁ



„Mér fannst leiðinlegt að sitja heima og gera ekki neitt. Það var líka stressandi því það er erfitt að læra eitthvað þegar það er enginn kennari að útskýra. Ég vona samt að ég nái öllu.

Tanja Rós Viktoríudóttir nemandi við Fjölbautaskólann við Ármúla

Félag háskólakennara á Akureyri samþykkti verkfall með 86,6% atkvæða:

Skólalok á Akureyri í uppnámi

KJARAMÁL Félagar í Félagi háskólakennara við Háskólann á Akureyri, HA, hafa samþykkt að grípa til verkfallságerða 28. apríl, náist samningar ekki. Frá þessu er greint á vef félagsins. Atkvæðagreiðsla félagsmanna leiddi í ljós að 86,6 prósent samþykktu verkfall og 13,4 prósent höfnuðu því. Á kjörskrá voru 122 og greiddu 97 atkvæði, eða um 79,5 prósent.

Fyrirhugað verkfall verður á boðuðum próftíma Háskólans á Akureyri og því ljóst að skólalok verða í uppnámi ef til verkfalls kemur. Náist samningar ekki verður fyrsti dagur verkfalls þann 28. apríl næstkomandi og stendur það til 12. maí.

Nú þegar hafa háskólakennarar í HÍ boðað til verkfalls frá 25. apríl til 10. maí. Þeir krefjast þess að sami stigaföldi samkvæmt matskerfi akademískra starfsmanna gefi sömu laun, óháð starfsheiti, og að allir akademískir starfsmenn verði í sömu launatöflu.

Þeir fara jafnframt fram á að laun annarra starfsmanna verði skoðuð og færð til samræmis við breytingar sem kunna að verða á launum akademískra starfsmanna.

Samninganefnd háskólakennara hefur verið boðuð til fundar hjá ríkissáttasemjara á morgun. - ibs



Á AKUREYRI Náist ekki samningar hefst verkfall kennara við Háskólann á Akureyri 28. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

OPÍÐ MÁN-FÖS 8.30-18 og LAU 10-14 APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

LAND CRUISER

Sjáðu hvernig landið liggur



REKENDISJÓU BYGGI 04/14

40%

GÆDALÁN TOYOTA

GÆDALÁN TOYOTA
Í SAMSTARFI VIÐ ERGO

Fáðu **40%** af verði
nýrrar Toyotu að
láni **án vaxta**
í allt að **þrjú ár**.

Toyota kynnir til sögunnar nýja og kröftuga útgáfu af Land Cruiser 150. Þetta er hinn eini sanni konungur íslenskra þjóðvega, tignarlegri en nokkru sinni fyrr. Hann gleður augað og býr yfir tæknilegum nýjungum sem lyfta hverri ökuferð á æðra plan. Komdu og sjáðu hvernig landið liggur hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is

Verð frá 9.920.000 kr.



Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

SVONA ERUM VIÐ



160.400 gistinætur voru á hótelum í febrúar síðastliðnum. Það er 13 prósentu aukning frá sama mánuði í fyrra. Heimild: Hagstofa Íslands

Lækkun greiðslupátttöku vegna öryggiskallkerfa kemur fyrst og fremst niður á öldruðum og öryrkjum: Kostnaður vegna neyðarhnapps tvöfaldast

HEILBRIGÐISMÁL Greiðslupátttaka Sjúkratrygginga Íslands vegna öryggiskallkerfa lækkar um 1.200 krónur á mánuði samkvæmt nýrri reglugerð sem tók gildi 1. janúar síðastliðinn. Öryggismiðstöðin sendi viðskiptavinum sínum bréf í gær til að benda á þessa lækkun, en hún hefur í för með sér að þeir sem notast við neyðarhnapp vaktstöðvarinnar munu koma til með að borga 1.200 krónum meira á mánuði fyrir aðstoðina.

Í reglugerð 1155 frá því í fyrra segir að Sjúkratryggingum Íslands beri að greiða Öryggismiðstöðinni 5.500 krónur fyrir mánaðarlega þjónustu vegna notkunar neyðarhnappsins og viðbragða við boðum. Samkvæmt fyrri reglugerð var þessi upphæð 6.700 krónur. Ómar Örn Jónsson, markaðsstjóri Öryggismiðstöðvarinnar, segir að aldraðir og öryrkjar nýti sér fyrst og fremst niðurgreiðslu vegna neyðarhnappsins. „Það er ekki spurning að þetta

er hækkun á aldraða og öryrkja,“ segir Ómar. „Okkur finnst þetta afskaplega óheppilegt.“ Hækkunin kemur að sögn Ómars ekki í gegn fyrr en í júlí. Mánaðarleg greiðsla hnappþega nemur um 1.350 krónum á mánuði en sú upphæð mun nánast tvöfaldaast við breytingarnar. „Við höfum ekki hækkað verð frá því að menn muna,“ segir Ómar. „Þannig að þetta er langt frá því að vera skemmtileg aðgerð.“ -bá



AF HRAFNIÐU Margir eldri borgarar treysta á neyðarhnappinn sem niðurgreiðdur er að miklu leyti af Sjúkratryggingum Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hollendingar svara til saka: Mæður vilja skaðabætur

HOLLAND, AP Réttarhöld hófust í gærmorgun við hollenskan dómstól þar sem ekkjur og mæður frá borginni Srebrenica í Bosnía hafa kært hollenska friðargæslumenn fyrir að hafa brugðist þegar fjöldamorðin þar voru framin árið 1995. Serbneskar hersveitir myrtu um átta þúsund karla, marga á barnsaldri, á verndarsvæði Sameinuðu þjóðanna í Srebrenica meðan Bosnustríðið stóð sem hæst. Ekkjur og mæður hana myrtu fara nú fram á skaðabætur frá Hollandi. Þær reyndu upphaflega að sækja Sameinuðu þjóðirnar til saka, en dómstóllinn vísaði kærurni frá á þeim forsendum að Sameinuðu þjóðirnar nytu friðhelgi að lögum. Fallist var á að hollenska stjórnin svaraði til saka. -gb

HALDIÐ TIL HAGA

Í umfjöllum um Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, á síðu 14 í blaði gærdagsins, féllu niður nöfn í myndatexta.



FYRSTU VERÐLAUNAHAFARNIR Þráinn Hafsteinsson og Þórdís Lilja Gísladóttir, uppfærðar ársins, Sigríður Björnsdóttir fyrir hönd Blátt áfram hjá UMFÍ, Alma Geirdal og Edda Yr Einaradóttir fyrir hönd Forma, samtaka átröskunarsjúklinga, Thosíki Toma, vegna atlögu gegn forðumum, Gylfi Bragi Guðlaugsson, ung hetja og Guðbjörn Magnússon hvunnudagshetja. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ÁRÉTTING

Í frétt í blaði gærdagsins um veiðigjöld og framlög ríkisins til hafrannsóknar var aðeins miðað við veiðigjald sem lagt var á útgerðina. Við það bættist sérstakt veiðigjald síðustu tvö ár. Það var 5,1 milljarður árið 2012 og 4,8 milljarðar í fyrra.

Vilja meira en sex prósent sem buðust

Fyrsta verkfall flugvallarstarfsmanna var skipulagt snemma í morgun. Fundað var í gær hjá ríkissáttasemjara. Þá var opnað á kröfur sem ekki höfðu verið skoðaðar áður. Fulltrúar starfsfólksins segja óánægjuna margþætta. Álag fylgi fjölgun ferðamanna.

FÉLAGSMÁL Verkfall flugvallarstarfsmanna var skipulagt frá klukkan fjögur í nótt og til nú í morgun. Þeir hafa um nokkurra vikna skeið reynt að ná samningum við Isavia án árangurs.



KRISTJÁN JÓHANNSON

Samkvæmt heimildum blaðsins vildi Félag flugmálastarfsmanna ríkisins (FFR) fá sex prósentu launahækkun í samningi sem gildi til eins árs. Isavia samþykkti launahækkunina með þeim skilyrðum að samningurinn gildi í tvö sumur eða samtals átján mánuði. Á þetta vildi samninganefnd Flugvallarstarfsmanna ekki fallast. Formaður FFR er Kristján Jóhannsson. „Þetta er eldgömul hugmynd. Það er að verða hálfur mánuður síðan við hættem að ræða hana. Við fengum þau skilaboð frá okkar félagsmönnum að breytingin myndi ekki ganga í gegn.“

Samkvæmt upplýsingum blaðsins hafa flugöryggisverðir um 450 þúsund krónur í meðalheildarlaun og aðrir flugvallarstarfsmenn um 550 þúsund krónur.

Kristján segir að álag á starfsmenn hafi aukist mjög með auknum ferðamannastraumi. „Sumir hafa setið eftir allt of lengi en aðrir hafa gengið í gegnum rosalegar breytingar. Öll fjölgun á farþegum bitnar á þessu fólki því það er meira álag. Á venjulegum degi fara fjögur þúsund manns þarna í gegn og þurfa að fá þjónustu frá okkar fólki.“

Launakröfur segir Kristján

FÓLKIÐ Á FLUGVELLINUM

Þetta fólk er á leið í verkfall:



ekki óraunhæfar „Við ætlumst til þess að það sé komið til móts við það fólk sem vinnur þarna. Ljós punkturinn er þó að á fundi í morgun [í gær] fengum við í fyrsta skipti opnun á kröfugerð okkar sem við lögðum fram í desember og er byggð á margra mánaða vinnu okkar fólks. En sú opnun kemur of seint og gengur of skammt þó hún sé í þá átt sem við hefðum viljað vera byrjuð að ræða fyrir mörgum vikum.“

Félag flugmálastarfsmanna fékk

meiri hækkun en almennt gerðist árið 2011. Kristján segir ekki þýða að horfa í baksýnispegilinn. „Það er allt í lagi að skoða fortíðina á einhvern hátt en við mótmælum því algjörlega að við eigum að hengja okkur í það. Af hverju skyldu starfsmenn ekki fá að njóta þess að starfa hjá fyrirtæki sem er vel stætt og greinilega á þeim stað í tilverunni að eiga „bunch of money“ eins og Megas sagði. Þetta eru ekki óraunhæfar kröfur.“

snaeros@frettabladid.is

Kynna málefnskrá: Vilja hækka frístundastyrk

KOSNINGAR Samfylkingin í Reykjavík ætlar að hækka frístundastyrk barna í fimmtíu þúsund krónur, samkvæmt málefnskrá flokksins



DAGUR B. EGGERTSSON

fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Frístundastyrkur nemur nú þrjátíu þúsund krónum. Dagur B. Eggertsson, oddviti listans, segir að hækkunin muni kosta 250 milljónir króna til viðbótar við þær 467 milljónir sem styrkurinn kostar nú. Hækkunin rúmist innan fimm ára áætlunar borgarinnar sem samþykkt hafi verið í haust. „Við höfum fengið nóg af loforðaglöðum stjórnmalaflokkum sem geta ekki rökstutt hvaðan peningarnir eiga að koma,“ segir hann. -ssb

MMR kannar fylgi flokka: Dregur úr stuðningi við Sjálfstæðisflokk

STJÓRN MÁL Stuðningur við ríkisstjórnina minnkar milli kannana MMR. Í könnun sem gerð var 28. mars til 1. apríl mældist stuðningurinn 38,7 prósent. Í mælingu sem lauk þann 28. febrúar síðastliðinn studdu stjórnina 40,9 prósent og 46,6 prósent í könnun sem lauk 15. febrúar.

Fylgi Sjálfstæðisflokks mældist nú 23,9 prósent, borið saman við 29 prósent í lok febrúar. Fylgi Bjartrar framfarir mældist nú 17,1 prósent (var 16,4), Samfylkingar 15,1 prósent (var 14), Framsóknarflokks 14,4 prósent (var 14,6) í síðustu könnun, Vinstri-grænna 11,5 prósent (var 10,4), Pírata 11 prósent (var 9,3). Fylgi annarra flokka mældist undir tveimur prósentum. -ibs

Frábært verð!

WEINSBERG simply you

Verð frá 3.590.000 kr.

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg 112 Reykjavík Sími 551 5600 utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 23°	Friedrichshafen 15°	New York 16°
Apena 20°	Gautaborg 12°	Orlando 24°
Basel 14°	Kaupmannahöfn 12°	Ósló 9°
Berlín 18°	Las Palmas 23°	París 14°
Billund 11°	London 13°	San Francisco 19°
Frankfurt 15°	Mallorca 23°	Stokkhólmur 5°

Á MORGUN Hæg breytilegt átt.

FIMMTUDAGUR 3-8 m/s.

LITLAR BREYTINGAR Fremur rólegt verður á landinu næstu daga. Yfirleitt hæg suðlægt átt og skýjað með köflum. Stöku skúrir um sunnanvert landið. Á fimmtudag snýst í hæga norðlæga átt með eljum fyrir norðan en bjartvíðri syðra.

ELÍSBET MARGEIRSDÓTTIR veðurfréttamaður

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrunnar Helgason hrunnar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



Skoda Octavia Combi Tdi 4x4
 Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 48.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
3.890.000,-

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



Mitsubishi i-MIEV
 rafmagnsbíll. Árg. 2012, rafmagn
 Ekinn 5.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.190.000,-



VW Tiguan Track&Style
 2,0TDI. Árgerð 2013, dísil
 Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000,-




VW Bjalla Design 1.4 160 hö
 Árgerð 2012, bensín
 Ekinn 30.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.690.000,-



Skoda Rapid Amb. 1.2 Tsi
 Árgerð 2013, bensín
 Ekinn 28.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.840.000,-



VW Jetta Highline 1,4
 Árgerð 2012, bensín
 Ekinn 13.700 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.490.000,-



Audi A4 Avant 2.0TDI
 Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 23.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000,-



Audi Q7 3,0 TDI
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 40.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 10.700.000,-



VW Golf Trendl 1,4
 Árgerð 2013, bensín
 Ekinn 7.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.390.000,-



Kia Cee'd EX
 Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.490.000,-



Ford Focus Titanium
 Árgerð 2011, dísil
 Ekinn 51.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.990.000,-



Hyundai Santa Fe
 Árgerð 2012, dísil
 Ekinn 31.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.890.000,-



Fiat 500 LOUNGE
 Árgerð 2012, bensín
 Ekinn 11.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.390.000,-



Tilboð 3.390.000,-

MM Pajero 3,2 GLS 33"
 Árgerð 2006, dísil
 Ekinn 116.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000,-



Tilboð 3.490.000,-

M. Benz E280 CDI
 Árgerð 2008, dísil
 Ekinn 211.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.990.000,-



Tilboð 1.390.000,-

Volvo v50
 Árgerð 2005, bensín
 Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.790.000,-



Tilboð 1.990.000,-

Kia Sorento 33"
 Árgerð 2006, dísil
 Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.550.000,-

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Komdu og skoðaðu úrvalið!
 Laugavegi 174 | Sími 590 5040
 Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



**NOTAÐIR
 BÍLAR**

SKÝRSLA ALPJÓÐASTOFNUNAR UM EVRÓPUSAMBANDIÐ

→ Viðræðuslit minnka áhrif Íslands innan EES

Það gefur Íslandi aukna möguleika til að gæta hagsmuna sinna í EES-samstarfinu að halda aðildarumsókn Íslands að ESB opinni, jafnvel þó viðræður liggi niðri, að því er segir í skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræðurnar.

Sé Ísland með stöðu umsóknarríkis hafa fulltrúar Íslands betri aðgang að áhrifamönnum innan stjórnsýslu ESB en þeir hefðu ella. Viðræðuslit myndu því minnka áhrif Íslands innan EES.

Auðvelt verður að hefja aðildarviðræður Íslands við ESB að nýju þrátt fyrir að hlé hafi verið gert á viðræðunum, að því er fram kemur í skýrslunni. Langt hlé getur þó valdið því að vinnan við samninginn úrelidist, þar sem lög ESB taka breytingum.

Annað verður uppi á teningnum ákveði stjórnvöld að draga umsókn Íslands til baka, enda þyrfti þá að afla samþykkis allra aðildarríkja á ný, og endurtaka svo öll fyrri skref ferlisins.

Valið stendur ekki milli þess að ganga í ESB eða standa utan þess, heldur milli aðildar og þess að vera áfram aðili að EES. Skýrsluhöfundar telja EES-samninginn virka „allvel“, þó hann hafi sína galla. Þar má nefna svokallaðan lýðræðishalla, sem ómögulegt er að laga nema breyta samningnum. Nær engar líkur eru á því að samningurinn verði uppfærður í fyrirsjáanlegri framtíð, en um leið bendir ekkert til þess að einhver telji ástæðu til að hafa frumkvæði að því að segja honum upp.



Á FUNDINUM Benedikt Jóhannesson, Gylfi Arnbjörnsson og Þórólfur Matthíasson stíga saman nefjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reglum ESB breytt til að liðka fyrir

Heimild ESB til að leyfa einstökum ríkjum að ákveða aflaheimildir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum virðist hafa verið sett inn til að opna glufu fyrir íslenska samningamenn. Erfitt gæti orðið að fá undanþágu til samninga við önnur ríki.

Brjann Jónasson

brjann@frettabladid.is



Ekki er reynt að spá fyrir um niðurstöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið um sjávarútvegsmál í nýrri skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræður Íslands við ESB. Þar er þó bent á að Ísland geti vísað í ýmis fordæmi fyrir kröfum í þessum málaflokki.

Skýrslan var unnin fyrir Alþjóðsamband Íslands, Félag atvinnurekenda, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands. Vinna við skýrsluna hófst á haustmánuðum í fyrra, og var skýrslan kynnt í gær.

Sanningsmarkmið Íslands í sjávarútvegsmálum hafa ekki verið sett fram. Kaflinn um sjávarútvegsmál komst aldrei á dagskrá áður en hlé var gert á aðildarviðræðunum vegna makrildelunnar.

Í skýrslunni er fjallað um þrjú atriði sem Ísland myndi líklega sækja fast að fá undanþágu fyrir eða sérlausnir.

Í fyrsta lagi myndi Ísland gera kröfu um sjálfstætt fiskveiðistjórnunarkerfi. Í öðru lagi myndu stjórnvöld vilja takmarka fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi. Í þriðja lagi yrði gert krafa um að Ísland fari með samninga við önnur ríki um nýtingu fiskistofna í stað þess að ESB semji fyrir Íslands hönd.

Samningamenn Íslands myndu hafa sterk rök fyrir því að halda stjórn yfir fiskveiðilögsögunni á Íslandi, að mati skýrsluhöfunda. Þar skiptir miklu að fiskveiðilögsagan liggur ekki að lögsögu aðildarríkis ESB, og flestir fiskistofnar innan hennar eru staðbundnir.

Þá geta samningamennirnir vísað í reglugerð sem sett var 2011. Þar er ESB heimilað að framselja vald til að ákveða aflaheimildir í stofnum sem aðeins eitt ríki sækir í.



SKÝRSLAN KYNNT Skýrsluhöfundar fjölluðu um stöðu aðildarviðræðna Íslands við ESB á fundi á Grand Hótel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í skýrslunni er vísað til þess að litlar skýringar séu á tilkomu þessa ákvæðis. Ole Poulsen, einn reyndasti sérfræðingur Dana um sjávarútvegsstefnu ESB, segir það hafa verið skilningurinn „á göngunum“ í Brussel að ákvæðið hafi verið sett inn með umsókn Íslands í huga. Markmiðið hafi því verið að opna glufu fyrir íslensku samningamennina.

Engar undanþágur eða sérlausnir ætti að þurfa til að halda fyrirtekjum í sjávarútvegi í höndum Íslendinga. Í skýrslunni er bent á að ESB hafi engar athugasemdir gert við lög í Bretlandi og Danmörku sem takmarki fjárfestingar annarra en þeirra sem búsettir eru í landinu í sjávarútvegi.

Þriðja atriðið gæti reynst erfitt. Lítil vilji virðist vera til þess innan ESB að Íslendingar fái sjálfir að vera í forsvari í samningum um nýtingu fiskistofna undan önnur ríki. Það er talið grafa undan sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni, og mögulega setja fordæmi sem önnur ríki gætu vísað til á öðrum vettvangi.

Embættismenn ESB bentu skýrsluhöfundum á að þótt samningarnir væru á forræði ESB væru þau fulltrúar þess ríkis eða þeirra ríkja sem hefðu hagsmuna að gæta sem réðu ferðinni. ESB tæki ekki

ákvarðanir á skjön við hagsmuni þeirra ríkja sem ættu hagsmuna að gæta.

Höfum þegar fengið sérlausnir

Ísland hefur þegar náð fram sérlausnum, undanþágum og/eða aðlögunarfrestum í mörgum málum. Í skýrslunni segir að þær byggja að mestu á því sem hafi áður fengist í gegnum samninginn um evrópska efnahagssvæðið (EES).

Erfiðustu málin eru gjarnan geymd þar til síðast og því hefur ekki komið í ljós hvernig helstu hagsmunamál Íslands hefðu endað. „Þó liggur fyrir að öll ný aðildarríki hafa hingað til getað samið um sérlausnir um ákveðin málafni er hafa legið þeim þungst á hjarta og snerta mestu hagsmuni ríkjanna,“ segir í skýrslunni. Þar segir að í viðtölum við embættismenn ESB hafi komið fram að skilningur væri á sérstöðu Íslands, en ekki yrði gefið í skyn að eftirgjöf fengist í tilteknum málum fyrirfram, enda sé slíkt ekki góð samningatækni.

Þá er bent á að „háttsettur embættismaður hjá stækkunardeild ESB“ hafi bent á að það væru fordæmi fyrir því að nýjar grundvallarreglur væru skrifaðar inn í aðildarsamning. Þær verði svo hluti af grundvallarreglum ESB eftir að aðildarsamningurinn taki gildi.

Fikjubitar
35% gráflíkjur

Góðgæti frá Frón

www.fronkex.is

Frón kemur við sögu á hverjum degi

Landssamtök um Spítalann okkar

Stofnfundur landssamtaka um nýbyggingu og endurnýjun Landspítala verður að Engjateigi 7 í Reykjavík miðviku-daginn 9. apríl kl. 17.

+++++

Fundurinn er opinn öllum þeim er vilja vinda bráðan bug að úrbótum í húsnæðismálum Landspítala samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum og leita allra mögulegra leiða til að tryggja fjármuni til framkvæmda.

+++++

Verkefnið hefur verið undirbúið undir kjörordunum **Spítalinn okkar** og gert er ráð fyrir því að setja landssamtökunum stofnskrá og kjósa þeim stjórn á fundinum.

Mætum öll og sýnum hug okkar í verki!

+++++ **Undirbúningshópurinn** +++++

GÆTI TEKIÐ TVÖ TIL PRJÚ ÁR AÐ TAKA UPP EVRUNA

Ísland ætti að geta tekið upp evru tveimur til þremur árum eftir inngöngu í Evrópusambandið að mati höfunda skýrslu Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið.

Til að taka upp evruna þyrfti Ísland að uppfylla skilyrði um lága verðbólgu, aðhald í ríkisfjármálum og tengingu íslensku krónunnar við evruna í að minnsta kosti tvö ár. Ekki verður önnur ályktun dregin af reynslu Íslands af fastgengi en að Ísland ætti að geta lokið því ferli á tveimur til þremur árum, segir í skýrslunni.

Afnám gjaldeyrishafta verður eitt helsta samningamálið haldi aðildarviðræður Íslands og ESB áfram. ESB hefur nokkrar leiðir til að auðvelda lausn haftanna, en slík aðstoð myndi ráðast á lokametrum aðildarviðræðna, segja skýrsluhöfundar. Slík aðstoð myndi vera undir eftirliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Gjaldeyrishöftin eru nauðsynleg vegna þess að takmörk eru fyrir því hversu mikil verðmæti er hægt að flytja frá einu myntsæði til annars á skömmum tíma. Yrðu höftin afnumin er hætta á verulegu flæði fjármagns úr landi, sem myndi lækka gengi krónunnar með tilheyrandi rýrnun á lífskjörum og skaða fyrir hagkerfið.

Þessi vandi myndi hverfa með upptöku evru, segir í skýrslu Alþjóðamálastofnunar. Snjöhengjuna svokölluðu mætti leysa liggja fyrir að myntskipti muni fara fram innan ákveðins tíma.

Í skýrslunni er rakið að Ísland hafi áður afnumið gjaldeyrishöft að kröfu ESB. Það hafi verið gert við inngöngu í EES árið 1994. „Í kjölfar þess streymdi mikið af erlendu fjármagni inn í landið, sem nær ekkert lát var á í nær 15 ár. Öll líkindi eru til þess að stjórnvöld geti náð fram sömu áhrifum nú með því fyrirheiti að verða hluti af myntbandalagi Evrópu,“ segir í skýrslunni.

Það er alltaf fórn að gefa eftir sjálfstæði í peninga-



FYLGJASTRÁ MEÐ Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabankans, Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, og Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknar, hlýddu á kynningu skýrslunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

málum. Þegar gengið hefur verið fest, eða evran tekin upp, geta stjórnvöld ekki miðað hagsveiflur með því að fella gengið. Það þýðir að sveiflur í atvinnuleysi yrðu meiri þó til lengri tíma ætti atvinnuleysið ekki að vera meira.

Á móti yrði Seðlabanki Íslands útibú Evrópska seðlabankans og fengi heimild til að prenta evru. „Prentvald í evrum [myndi] valda byltingu fyrir heimili og atvinnulíf þar sem verðbólga, gengisóstöðugleiki og vaxtasveiflur hyrfu í einni andrá. Innganga inn á sameiginlegt myntsæði mun einnig leiða til aukinnar samkeppni á fjármálamarkaði og lægri vaxta,“ segir í skýrslunni.

„Þegar allt þetta er dregið saman, auk þess að taka tillit til þess mikla viðskiptaáþata sem alþjóðleg og greiðsluhæf mynt getur sannanlega fært smáþjóðum, verður ekki önnur ályktun dregin en að upptaka evru með aðild að myntbandalagi Evrópu muni fela í sér gríðarlegan velferðarábata fyrir Ísland.“

Páskatílböð



Allt að 45% afsláttur

Eldhús hvítt háglans fulningur.



Sturtuklefar 70, 80 og 90 cm.



64.900

100 cm.
með spegilskáp.



49.900

60 cm.
með spegilskáp.



29.900

53x31 cm.



Verð frá 28.900

WC upphengt eða á gólf.



CHRISTINA Blöndunartæki, mikið úrval.



Verð frá 25.900

Sturtugler, 6, 8 eða 10 mm.



Verð frá 18.900

Speglaskápar 50 - 120 cm.



Verð frá 7.900

Handklæðaofnar.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

Viðbrögð við skýrslunni

Fyrstu viðbrögð við nýrri Evrópuskýrslu Alþjóðamála- stofnunar Háskóla Íslands eru misjöfn eins og búast mátti við. Sumum finnst skýrslan sýna það og sanna að aðildarviðræðum skuli haldið áfram en aðrir að slíkt sé byggt á haldlausum rökum embættismanna.

BREYTIK EKKI AFSTÖÐU STJÓRNVALDA



Pað er gott að skýrslan sé komin fram. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki náð að kynna mér hana út í ystu æsar en hef lesið samantekt og helstu niðurstöður. Skýrslan bætir ekki miklu við það sem hefur komið fram en það kemur þó fram að ferlið hefur þungast mjög frá því sem það var þegar Norðmenn voru einnig í ferlinu og þar hafði makrill og lcasave mikil áhrif. En annars sé ég ekkert nýtt í skýrslunni á þessum tímamarki sem breytir afstöðu stjórnvalda um að draga umsóknina tilbaka.

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra

SÉRLAUSNIR HÖFÐU VERIÐ VIÐURKENNDAR



Skýrslan vekur mikla athygli því að í henni kemur fram með skýrum hætti að viðræður um aðild að Evrópusambandinu voru í ágætisgangi og fengist hafði ágætisárangur í ferlinu sama við hvað er miðað. Ljóst er að sérlausnir höfðu verið viðurkenndar í ferlinu og því ekki hægt að halda því fram að útilokað sé að fá sérlausnir í aðildarumsóknarferlinu. Pað kemur líka skýrt fram að hægt er að fá fullnægjandi lausnir fyrir sjávarútvegshagsmuni Íslands. En efnahagskaflinn hlýtur að vekja mesta athygli þar sem rakinn er sá mikli velferðarábati sem við mundum njóta með upptöku evrunnar sem alþjóðlega viðurkennds gjaldmiðils. (Úr fyrirspurn Árna Páls til Bjarna Benediktssonar á Alþingi í gær.)

Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar

ÓSAMSTAÐA Í RÍKISSTJÓRN VALDIÐ TÖFUM



Ég hef nú rétt lesið fyrirsagnirnar um þá skýrslu sem hér er getið um og ekki kynnt mér efni hennar enn, en ég tek eftir því að það eru nokkrar meginniðurstöður komnar í umræðuna, að það hafi verið ágætisgangur í viðræðunum. Gott og vel. Pað gengur samt mun hægar en að var stefnt. Í öðru lagi segir víst einhver staðar í skýrslunni að ósamstaða í ríkisstjórninni, ósamstaða um hvernig vinna ætti að framgangi mála í einstökum málaflökum hafi valdið töfum, sem er athyglisvert, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað að undanförmu um hvort það sé yfir höfuð mikilvægt að ríkur stuðningur sé í ríkisstjórn við málið eða ekki. Sumir vilja halda því fram að það skipti bara engu máli. (Úr svari Bjarna við fyrirspurn Árna Páls á Alþingi í gær.)

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

SÝNIR AÐ KLÁRA PURFI AÐILDARSAMNINGINN



Pað sem kemur þarna fram sýnir að mjög erfitt er að segja til um hvernig samning við fáum, hvort samningurinn við ESB reynist þjóðinni til góðs eða ekki, því það er einfaldlega of mörgum spurningum ósvarað. Þeim fáum við ekki svarað nema við klárum aðildarsamninginn í stað þess að tala í viðtengingarhætti og gefa sér forsendur. Eins og í sjávarútvegsmálum, enda hefur engin þjóð sótt um í ESB þar sem þau mál vega svona þungt í efnahag landsins.

En við getum ekki lagt mat á heildarhagsmuni fyrr en við erum komin með öll þessi svör og þau fáum við með því að klára ferlið.

Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verslunar og þjónustu

SAMNINGAR VORU Á BÝSNA GÓÐRI LEIÐ



Meginniðurstaðan er sú að það mælir allt með því að viðræðunum verði haldið áfram. Pað voru ákveðnar spurningar sem þurfti að svara varðandi sjávarútvegsmálin – það má heita að það sé það eina óþekkt í þessu. Svörin við því fást ekki nema látið verði reyna á samning. Þess vegna finnst mér ljóst að það þurfi að klára viðræðurnar. En kannski er meginniðurstaðan sú að samningarnir voru á býsna góðri leið. Mikill undirbúningur sem var búið að vinna og talsverður skilningur sem var búið að ná.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar

BYGGT Á NAFNLAUSUM EMBÆTTISMÖNNUM




Ég er ekki búin að lesa skýrsluna, því hún var bara birt í [gær]morgun. En það sem ég geri alvarlegar athugasemdir við, er að sjálfsgöðu sjávarútvegskafliinn sem byggður er upp á andlitslausum og nafnlausum embættismönnum á göngunum í Brussel. Þetta bara herðir mig frekar en hitt í að telja hag Íslands betur borgið fyrir utan Evrópusambandið. Vegna þessara haldlausu raka sem komu hér fram. Ýmislegt sem ekki stenst og er hrakið beinlínis í skýrslu Hagfræðistofnunar þegar þessar tvær skýrslur eru lesnar saman.

Vigdís Hauksdóttir, þingkona Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar

PANTAÐU RÁÐGJÖF VIÐ GARÐAHÖNNUN

Í SUMAR MUN BJÖRN JÓHANNSSON VEITA VIÐSKIPTAVINUM BYKO RÁÐGJÖF VEGNA FRAMKVÆMDA Í GARÐINUM

TILLÖGUR UNNAR Í ÞRÍVÍDD



Hálftíma ráðgjöf kostar 5.900 kr. Sú upphæð nýtist sem inneign þegar keypt er efni í garðinn í BYKO.

PANTAÐU RÁÐGJÖF

Skráning á netfangið gudrunhalla@byko.is og í síma 5154144 kl. 9-16 virka daga.

Björn Jóhannsson
landslagsarkitekt.

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.



Síminn 

Nú geturðu hringt endalaust
fyrir 5.990 kr. á mánuði

4G
LTE

Kynntu þér endalaust tal og sms á www.siminn.is

Með nýju snjallpökkunum geturðu hringt endalaust og sent endalaust mörg SMS

Í dag er góður dagur fyrir þá sem hafa frá mörgu að segja.

Síminn kynnir nýja endalausna snjallpakka svo þú getir loksins talað endalaust og sent endalaust mörg SMS. Þeir kosta aðeins frá **5.990 kr. á mánuði** og þú sendir eins mörg SMS og þú getur og hringir **eins oft og jafn lengi og þú vilt í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!**

Þrjár endalaust
frábærar leiðir í boði:

ENDALAUST
TAL OG SMS
5.990 kr.
500 MB

ENDALAUST
TAL OG SMS
6.990 kr.
1 GB

ENDALAUST
TAL OG SMS
8.990 kr.
3 GB

GÆÐAMÁLNING

Deka Meistaralakk 70 Akryllakk, hvítt, 1 líter **1.895**

Deka Pro 10 Innimálning, 10 lítrar **6.995**

DekaCryl 7 Innimálning, 10 lítrar **5.995**

Deka Pro 4 Veggja- og loftmálning, 10 lítrar **5.795**

Deka Gólfmálning grá 3 lítrar **4.295**

Deka Sparti LH, 3 lítrar **1.990**

Mako pensill 50mm **225**

LF Veggsparti 0,5 lítrar **795**

Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill, - Sett **1.595**

MURBÚÐIN
Símí 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Þjóðernissinnar unnu yfirburðasigur í Ungverjalandi á sunnudag: Orban fær nýtt kjörtímabil

UNGVERJALAND Ungverjar eru greinilega upp til hópa sáttir við þjóðernissinnann Viktor Orban, sem hefur verið forsætisráðherra Ungverjalands síðan 2010.

Flokkur hans, Fidesz, vann yfirburðasigur í þingkosningum á mánudag, fékk 45 prósent atkvæða og hreinan þingmeirihluta. Flest benti til þess að flokkurinn hefði tryggt sér 133 þingsæti af 199 og þar með rétt svo nægan þingstyrk til að breyta stjórnarskrá landsins að vild.



VIKTOR ORBAN

Árangur Fidesz er í samræmi við skoðanakannanir en góður árangur annars þjóðernissinnaflokks, sem heitir Jobbikk, hefur komið nokkuð á óvart. Jobbikk fékk meira en 20 prósent atkvæða og 23 þingsæti, en sá flokkur gengur enn lengra til hægri en Fidesz í þjóðernisstefnu sinni.

Orban hefur ítrekað sætt gagnrýni, meðal annars af hálfu ráðamanna Evrópusambandsins og ýmissa mannréttindasamtaka, fyrir stjórnarskrárbreytingar og lagabreytingar sem sagðar eru hafa grafið undan lýðræði í landinu.

Orban hefur sömuleiðis verið gagnrýndur fyrir lýðskrumsstefnu og flokkur hans hefur einnig sætt gagnrýni fyrir að hafa alið á andúð á bæði gyðingum og rómafólki.

-gb

Krefjast aðskilnaðar og vilja í Rússland

Hópar rússneskumælandi fólks í austanverðri Úkraínu réðust á sunnudag inn í stjórnarbyggingar í þremur héruðum. Í Donetsk lýstu þeir í gær yfir aðskilnaði frá Úkraínu. Túrtsjínov forseti sakar Rússland um að kynda undir óstöðugleika.

ÚKRAÍNA Aðskilnaðarsinnar í Donetsk lögðu á sunnudag undir sig þinghúsið þar og samþykktu í gær sjálfstæðisyfirlýsingu hér aðsins. Þeir vilja svo fá þjóðaratkvæðagreiðslu í héraðinu í næsta mánuði, þar sem kosið verði um sameiningu við Rússland.

Donetsk er eitt þeirra héraða í austurhluta Rúmeníu þar sem Rússar eiga mikil ítök. Meirihluti íbúa þar er rússneskumælandi og á rætur að rekja til Rússlands.

Aðskilnaðarsinnar réðust einnig inn í stjórnarbyggingar í tveimur öðrum borgum á sunnudag: Luhansk og Kharkiv. Rússnesk stjórnvöld segja að á öllum þessum stöðum hafi mennirnir verið vopnaðir.

Oleksandr Túrtsjínov, sem til bráðabirgða gegnir forsetaembættinu í Úkraínu, sakar rússnesk stjórnvöld um að standa á bak við þessar aðgerðir í þeim tilgangi að kynda undir óstöðugleika í landinu. Arsení Jatsenjúk forsætisráðherra tók undir þessar ásakanir: „Planið er að grafa undan stöðugleika og senda erlent herlið yfir landamærin til að hertaka hluta landsins. Sem við munum ekki leyfa að gerist.“

Rússneska utanríkisráðuneytið neitar þessum ásökunum, en ítrekar gamlar kröfur sínar um að úkraínsk stjórnvöld breyti stjórnskipan landsins í sambandsríkisfyrirkomulag, þannig að héruðin fái meiri sjálfstjórnarvöld.

Úkraínskar öryggissveitir reyndu í gær að ná stjórnarbyggingunum aftur úr höndum aðskilnaðarsinna.

„Gripið verður til hryðjuverka-

ÍTÖK RÚSSA Í ÚKRAÍNU



Rússneskumælandi íbúar í austan- og suðvestanverðri Úkraínu hafa lengi sýnt töluverðan áhuga á nánari tengslum við Rússland. Sama gildir um íbúa í Transnistríu, héraði austast í Moldóvu.

varna gegn þeim sem gripu til vopna,“ sagði Túrtsjínov. Hann sagði að þingið myndi koma saman í dag til að ræða harðari refsingar gegn aðskilnaðarsinninum og jafnvel banna stjórnvaldaflokka sem hafa sýnt aðskilnaði áhuga.

Rússar innlimuðu Krímskaga í síðasta mánuði eftir að aðskilnaðarsinnar þar höfðu knúð fram kosningu um sameiningu við Rússland.

Rússneskir hermenn eru í viðbragðsstöðu víða við austurlandamæri Úkraínu.

gudsteinn@frettabladid.is



Planið er að grafa undan stöðugleika og senda erlent herlið yfir landamærin til að hertaka hluta landsins. Sem við munum ekki leyfa að gerist.

Arsení Jatsenjúk forsætisráðherra

AÐALFUNDUR

BYGGIÐNAR – FÉLAGS BYGGINGAMANNA
FIMMTUDAGINN 10. APRÍL N.K.

Fundurinn er haldinn samtímis í húsnæði félagsins í:

REYKJAVÍK

Borgartúni 30, 6. hæð

AKUREYRI

Skipagötu 14, 2. hæð

Á fundunum er boðið upp á kvöldverð.

Fundinum verður sjónvarpað milli fundarstaða.

DAGSKRÁ

- 1 Skýrsla félagsstjórnar.
- 2 Skýrslur fastanefnda.
- 3 Reikningar félagsins og skýrsla endurskoðenda.
- 4 Lagabreytingar og breytingar á skipulagsskrám sjóða, eftir atvikum.
- 5 Ákvörðun um félagsgjald og mælingagjald.
- 6 Kosning stjórnar, trúnaðarmannaráðs, uppstillingarnefndar, kjörnefndar og félagslegra skoðarmanna reikninga félagsins.
- 7 Kosning fastanefnda.
- 8 Kosning fulltrúa á ársfund Sameinaða lífeyrissjóðsins, ársfund Stapa lífeyrissjóðs og þing ASÍ.
- 9 Önnur mál.



Málsvari byggingamanna



dynamics nau

er hlutverk þitt að hafa yfirsýn yfir reksturinn?

Dynamics NAV er einn mest seldi bókhaldshugbúnaður á Íslandi í dag.

Wise er í fararbroddi í upplýsingatækni með sérstaka áherslu á ráðgjöf, hugbúnaðargerð og innleiðingar ásamt öflugri og persónulegri þjónustu.

Fjölbreyttar lausnir á sviði fjármála, viðskiptagreindar, verslunar, sérfræðiþjónustu, sjávarútvegs, sveitarfélaga og flutninga, sem einfalda þér þitt hlutverk.



545 3200



wise.is



sala@wise.is



Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 102, Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is



Microsoft Partner
Gold Enterprise Resource Planning
Independent Software Vendor (ISV)

Sænska öryggislögreglan:

Auknar njósnir Rússa í Svíþjóð

SVÍPÞÓÐ Ástandið í Úkraínu hefur leitt til þess að njósnir Rússa í Svíþjóð hafa aukist samkvæmt mati sænsku öryggislögreglunnar.

Á fréttavef Dagens Nyheter segir að þetta snúist meðal annars um undirbúning stríðs.

Rússar eru sagðir afla sér ýmissa upplýsinga, eins og til dæmis með því að fá fólk til liðs við sig og með því að kaupa mikið magn af landakortum. Þetta er haft eftir Wilhelm Unge, sérfræðingi í gagnnjósnunum.

- ibs



OSCAR PISTORIUS Barðist við tárin við réttarhöldin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pistorius biðst afsökunar:

Segist reglulega fá martraðir

SUÐUR-AFRÍKA, AP Oscar Pistorius hóf mál sitt við réttarhöldin í gær á því að biðja fjölskyldu Reevu Steenkamp, unnustu sinnar sem hann varð að bana fyrir rúmu ári, afsökunar.

Hann sagðist vera í miklu áfalli, þurfa að nota róandi lyf og vakna reglulega upp við martraðir.

Hann ítrekaði að hann hefði haldið að hann væri að skjóta innbrotspjóf þegar hann skaut á kærustu sína í gegnum salernishurð á heimili sínu í Pretoríu.

„Ég var bara að reyna að vernda Reevu,“ sagði hann. - gb



Í KRISTJANÍU Fíkniefnaviðskipti eru algeng í Kristjaníu í Kaupmannahöfn. NORDICPHOTOS/AFP

Ökumenn afhjúpaðir:

Eitt þúsund undir áhrifum

DANMÖRK Nær eitt þúsund ökumenn sem voru á ferð nálægt Kristjaníu í Kaupmannahöfn frá því í september 2012 og þar til í mars á þessu ári reyndust vera undir áhrifum fíkniefna, þar af nær 700 undir áhrifum kannabísefna. Að þessu komst lögreglan með aðstoð nýrra mælingatækja. Ekki er þó hægt að dæma viðkomandi nema blóðpróf staðfesti fíkniefnaneyslu.

Tólf lögregluumdæmi í Danmörku auk Færeyja hafa nú yfir að ráða fíkniefnamælum.

- ibs

FERÐAÞJÓNUSTA

Traustið skortir

Ljóst virðist að ferðaþjónustan treystir því ekki að tekjur af einni sameiginlegri skattlagningu eða gjaldtöku skili sér á rétta staði, að því er fram kemur í Hagsjá Landsbankans. Allir viti að útvarpsgjald fari ekki alfarið til RÚV og að ýmis gjöld á eldsneyti skili sér ekki á tilætlaða staði. Sé hins vegar vilji til aukinnar skattlagningar á ferðamenn gæti nú verið heppilegur tími til slíks.

Slysavarnafélagið Landsbjörg kynnir nýja upplýsingakerfið Safetravel sem bæta á öryggi ferðamanna:

Sjónvarpsskjáir sýna veður og færð í beinni

SAMGÖNGUR Nýja upplýsingakerfið Safetravel var formlega tekið í notkun í gær og er því ætlað að auka upplýsingagjöf til ferðamanna á Íslandi og bæta þannig öryggi þeirra.

Kerfið er verkefni á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar en það felst í því að birta upplýsingar um færð og veður auk ýmiss konar ráðlegginga um góða ferðahegðun.

„Við töldum það tímabært að færa upplýsingarnar til ferðamanna,“ segir Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri slysavarna ferðamanna hjá Landsbjörgu. Félagið hefur haldið úti vefsíðunni Safetravel undanfarin ár þar sem áþekkar upplýsingar er að finna. Ragnheiður Elín Árnadóttir, ráðherra ferða-

mála, kveikti á fyrsta Safetravel-skjánum í gær hjá bensinstöð Olís í Norðlingaholti. Til stendur að Landsbjörg setji upp skjái á allt að þrjátíu eða fjörtíu helstu viðkomustöðum ferðamanna víðsvegar um landið á næstu þremur árum.

Upplýsingar á hverjum skjá fyrir sig verða staðbundnar og munu meðal annars sýna færð í nágrenninu í beinni útsendingu á vefmyndavélum.

„Það veitir ekki af þessu á Íslandi, þar sem aðstæður eru oft erfiðar,“ segir Jónas. „Við teljum þetta geta komið nokkur hundruð þúsund ferðamönnum að gagni á hverju ári.“

- bá



TEKINN Í NOTKUN Ragnheiður Elín Árnadóttir og Hörður Már Harðarson, forstjóri Landsbjargar, við fyrsta Safetravel-skjáinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. verður haldinn 29. apríl 2014

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík, þriðjudaginn 29. apríl 2014 og hefst stundvíslega kl. 16.00.

Drög að dagskrá fundarins eru svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár með athugasemdum endurskoðanda.
3. Ákvörðun um greiðslu ards og meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu reikningsári og framlög í varsjóð.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins skal lögð fram og atkvæði greidd um hana.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið stjorn@sjova.is.

Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárlíði á aðalfundinum sjálfum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur.

Atkvæðagreiðslur á aðalfundinum verða ekki skriflegar nema ef einhver fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal þó vera skriflegt ef fleiri eru í kjöri til stjórnar en kjósa skal. Kveðið er nánar á um stjórnarkjör í samþykktum félagsins en kosið er eftir hlutfallskosningu. Athygli er þó vakin á ákvæðum samþykktu um hlutfall kynja í stjórn félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðasedla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist félaginu a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund. Hluthafar geta jafnframt vitjað atkvæðasedla í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og mætt er fyrir helming hlutafjár í félaginu. Frestur til að tilkynna framboð til stjórnar lýkur fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjareign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðseyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar á vefsíðunni www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur að lágmarki tveimur dögum fyrir aðalfund.

Endanleg dagskrá aðalfundar og fundargögn, þ.á.m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir aðalfund eru birt á vefsíðu félagsins www.sjova.is/fjarfestar/hluthafafundur og liggja frammi á skrifstofu þess í Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 15.30 á aðalfundardag. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík 3. apríl 2014
Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.



Mikilvæg skýrsla Alþjóðamálastofnunar:

Ekkert vit í að slíta

Skýrsla Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands fyrir sam-tök á vinnumarkaði er mikilvægt innlegg í umræðuna um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Nálgunin í skýrslunni er ólík þeirri sem var notuð í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ fyrir ríkisstjórnina, enda verkefninu stillt upp með öðrum hætti. Almennt er tónninn í þessari skýrslu jákvæðari hvað varðar möguleika Íslands á að ná hag-fellnum samningi við ESB. Skýrsluhöfundar eru enn fundvísari á fordæmi og hugmyndir um hvernig megi finna lausnir á erfiðu málunum, til dæmis í sjávarútvegi og landbúnaði, þótt þeir dragi líka vel fram ásteytingarsteinana.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

ESB við afnám fjármagnshafna, að ekki þyrfti að taka nema 2-3 ár að undirbúa upptöku evru eftir að aðildarsamningur hefði tekið gildi og að nýjum gjaldmiðli fylgdi „gríðarlegur velferðarábati“.

Niðurstöðurnar um gang vandræðanna ganga þvert á þær ályktanir sem sumir drógu af skýrslu Hagfræðistofnunar; að þær hefðu gengið illa og dregizt úr hömlu. Í þessari skýrslu segir þvert á móti að þann tíma sem vandræðurnar stóðu hafi þær gengið vel. Stofnunin bendir á að Ísland hafi þegar samið um sérlausnir, undanþágur og aðlögunarfresti. Það staðfestir að vandræðurnar við ESB séu raunverulegar samningavindræður, en ekki bara „aðlögunarvindræður“ þar sem Ísland samþykki allar kröfur ESB umyrðalaust, eins og haldið hefur verið fram.

Í umræðum um skýrslu Hagfræðistofnunar lýstu ýmsir þeirri einkennilegu skoðun að í aðildarviðræðunum hefði átt að láta reyna á erfiðustu málin fyrst. Í skýrslu Alþjóðamálastofnunar er bent á það augljósa; að í samningavindræðum er almennt byrjað á að semja um það sem samhljómur er um, en „sérlausnir, eftir-gjafir og málamiðlanir eiga sér stað á lokadögum samninganna“. Þannig hefur það verið í öllum viðræðum um aðild nýrra ríkja að ESB hingað til. Nákvæmlega hvaða lausnir finnast, kemur ekki í ljós nema vandræðunum sé lokið.

Í skýrslu Alþjóðamálastofnunar er því ekki að finna nein rök fyrir því að slíta aðildarviðræðunum, ekki fremur en í skýrslu Hagfræðistofnunar. Þar eru hins vegar sett fram varnaðarorð gegn þeirri leið sem ríkisstjórnin hyggst fara með þingsályktun-artillögu sinni um afturköllun aðildarumsóknarinnar.

Stofnunin bendir annars vegar á að auðvelt sé að taka aðildarviðræðurnar upp þar sem frá var horfið, svo fremi að umsóknin verði ekki dregin til baka. Skýrsluhöfundar telja, þvert á það sem stjórnvöld hafa sagt, að ekkert reki á eftir Íslendingum að taka ákvarðanir um framhald vandræðna. Ef umsóknin yrði dregin til baka, færi ferlið hins vegar á byrjunarreit og sú vinna sem lögð hefur verið í það ónýttist. Hins vegar bendir Alþjóðamálastofnun á að það sé Íslandi í hag að halda stöðu sinni sem umsóknarríki af því að það veiti meiri áhrif á ákvarðanatöku um EES-reglur.

Utanríkisráðgjafi Alþingis hlýtur að taka skýrslu Alþjóðamálastofnunar til rækilegrar skoðunar þegar hún fjallar um þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar um vandræðuslit. Af lestri skýrslunnar má þeim sem vilja kynna sér málið vera enn ljósara en áður að út frá hagsmunum Íslands er ekkert vit í að ætla að slíta vandræðunum og afturkalla aðildarumsóknina.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ríkisstjórnin sat heima

Skýrsla Alþjóðamálastofnunar um Evrópumál var kynnt í Háskóla Íslands í gær að viðstöddu marg-menni. Athygli vakti þó að Vigdís Hauksdóttir var eini fulltrúi ríkisstjórnarflokkanna á fundinum. Það þarf þó kannski ekki að koma mikið á óvart enda boðskapur skýrslunnar þvert á skoðanir ríkisstjórnarinnar í Evrópu-málum. Skýrslan segir jú að það borgi sig fyrir Ísland að halda áfram sem umsóknarríki að Evrópu-sambandinu.

Eldfimt efni

Hagfræðingurinn Ásgeir Jónsson talaði fyrir upp-

töku nýs gjaldmiðils á fundinum, Ísland væri eina ríkið með fólks-fjölda undir tveimur milljónum sem reiddi sig á sjálfstæða fljóttandi mynt. Hann gaf jafnframt lítið fyrir tengingu krónunnar við sjálfstæði og fullveldi landsins. Líklegt má telja að þessi mál séu látin liggja á milli hluta þegar fjölskyldan hittist.

Faðir Ásgeirs er Jón Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og varafor-maður Heimssýnar. Fundinn sótti þó föðursystir hans, Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtakanna, þannig að maður veit aldrei.

Polítískir krossfarar


Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamála-

stofnunar, kallaði líka EES-samning-inn „embættismannasamning“ og gaf í skyn að í raun væri sjálfstæði Íslendinga enn frekar skert utan ESB en innan á meðan við værum í EES. Ef til vill er ekki skrítið að ríkisstjórn-in hafi setið heima þegar þessi niður-staða var kynnt. Að minnsta kosti ekki ef forsætisráðherra

tekur þann pól í hæðina að um sé að ræða skila-boð frá pólitísku krossförum sem hann fullyrti fyrir í vetur að væru innan Háskólans.

snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Norðurlöndin vilja aðstoða Úkraínu

UTANRÍKISMÁL



Karin Áström forseti Norðurlandaráðs



Hans Wallmark varaforseti Norðurlandaráðs

Umheimurinn varð orðlaus og viðbrögðin létu ekki standa á sér þegar Rússar innlimuðu Krímskaga á ólöglegan hátt. Verkn-aðurinn er skýlaust brot á alþjóðarétti. Litlum og meðalstórum ríkjum eins og Norðurlöndum er það mikilvægt að staðið sé við alþjóðleg lög og reglur. Fyrir utan atburðarásina á Krímskaga er mikilvægt að átta sig á því að Úkraínnumenn hafa mikla þörf fyrir aðstoð, ekki síst í barátt-unnni gegn þvingunum og við uppbyggingu lýðræðis og réttarríkis.

Samstarf þingmanna frá fimm ríkjum og þremur sjálfstjórnarsvæðum í Norð-urmlandaráði byggir á lýðræðishugsun og nútíma réttarríki. Því er einlægur vilji til að aðstoða aðrar þjóðir á þessu sviði. Svip-að og Norðurlöndin studdu þróun lýðræðis í Eystrasaltsríkjum fyrir rúmum tutt-ugu árum er ástæða til að Norðurlöndin og grannsvæði þeirra taki nú höndum saman um að styðja við lýðræðisþróun í Úkraínu.

Á samráðsfundum sem Norðurlandaráð átti á dögnum með fulltrúum utanríkis-málanefnda og forystu þjóðþinga Eystra-saltsríkjanna og Póllands kom greinilegur áhugi í ljós á því að efla samstarf ríkja á Eystrasalts-svæðinu um lýðræði og örygg-ismál. Stuðningur Norðurlandanna er vel þeginn og menn voru áfram um að dýpka samstarf um öryggis- og lýðræðismál.

➔ Vopnaskak Rússa við landamær-in að Úkraínu er okkur áminning um að Rússar geta gripið til harðrar valdbeitingar en valdbeiting getur einnig birst í áróðri og ritskoðun.

Vopnaskak er áminning

Mikið er rætt um sameiginlegar aðgerðir gegn Rússlandi. Þjóðum Norðurlandanna finnst mikilvægt og eðlilegt að ræða það. Norðurlandaráð hefur því ákveðið að fyrir-hugað þemaþing á Akureyri þann 8. apríl hefjist á umræðu um þessi málefni.

Vopnaskak Rússa við landamærin að Úkraínu er okkur áminning um að Rúss-ar geta gripið til harðrar valdbeitingar en valdbeiting getur einnig birst í áróðri og ritskoðun. Norðurlandþjóðirnar eiga lýðræðisleg gildi og reynslu af stjórn-skipulegu ferli sameiginleg og þær eru reiðubúnar til að rétta Úkraínnum hjálparhönd í þeim efnum. Alþjóðabankinn og einstök ríki eru reiðubúin til að veita ýmiss konar lán og aðra fjárhagsaðstoð. Við á Norðurlöndum eru reiðubúin til að leggja hönd á plóg til að skapa lifandi lýð-ræðishefð sem einkennist af gagnsæi, þátt-töku og fjölbreytileika.

Á að lögleiða fíkniefnaneyslu?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Talsverð umræða hefur verið að undanförunu um fíkniefni, refsirammann og svo það hvort við eigum hreinlega að lögleiða ákveðnar tegundir fíkniefna. Þegar maður skoðar hvað er að gerast í kringum okkur verður ljóst að það er afar mismunandi hvernig þjóðríki taka á málum, sérstaklega varðandi hin svokölluðu mjúku efni. Við getum verið sammála um það að stríðið gegn fíkniefnum hefur ekki gengið sérlega vel almennt, þrátt fyrir tilförlulega stífan refsiramma virðist það ekki hafa sérstakan fælingarmátt.

Aukning í notkun lyfseðils-skyldra lyfja í þeim tilgangi að komast í vímu hefur einnig verið vaxandi víðast hvar um heiminn má segja og í dag eru sprautufíklar mun frekar í slíkri neyslu hérlandis en hinum hefðbundnu hörðu efnum, þó þau séu vissulega enn talsvert í umferð.

Um þetta málefni má segja að umræðan verður á tíðum trúarbragðakennd, bæði hjá þeim sem eru með og á móti. Við höfum heyrt ráðherra heilbrigðismála tjá sig um það að afnám refsingar vegna fíkniefnaneyslu kunni að vera fýsilegur kostur. Margir eru honum sammála þar, sérstaklega þeir sem neyta efnanna, en fjölmargir aðrir til viðbótar.

Afgerandi áhrif á heilsufar

Staðan er flókin og fléttast saman ekki einungis hin hörmulega

aðstaða fíkilsins, heldur einnig hin tækifærissinnaða nálgun á líf, líkama og frelsi hans af hálfu þess sem selur efnin í þeim tilgangi að græða peninga. Þá er ofbeldi beinn fylgifiskur ólöglegs athæfis sem þessa og hafa sumir sagt að lögleiðing vímuefna myndi kippa stöðunum undan skipulagðri glæpastarfsemi.

Ekki er ég svo viss um það. Ég er svo sem enginn sérfræðingur um þennan heim, það sem hins vegar kemur fram er að það hefur afgerandi áhrif á heilsufar viðkomandi einstaklings að lenda í neyslu, hver sem hún er. Já, líka neysla á kannabisefnum! Það hefur ekkert með það að gera hvort við lögleiðum eða breytum refsiramma varðandi neyslu ákveðinna efna. Þó svo það sé löglegt að drekka áfengi er ekkert samasemmerki á milli þess og hollustu, reyndar síður en svo í mjög mörgum tilvikum eins og við öll þekkjum. Það verður því að aðskilja umræðuna varðandi fíknisjúkdóm annars vegar og refsingu hins vegar.

Nýlega hafa nokkur ríki í Bandaríkjunum opnað á sölu á kannabisefnum, slíkt hefur verið leyft í Hollandi um árabíl. Áhuga-vert verður að sjá hvernig það þróað annars staðar. Sú staðhæfing að það sé meinlaust að reykja hass og skyld efni, stenst enga skoðun, það er hins vegar algerlega ótengt því hvort eigi að refsa fólki fyrir það eða ekki.

Safnast upp í líkamanum

Við skulum skoða áhrif kannabiseykinga á heilsufar. Það virðist ljóst að við getum ekki tekið undir það að slíkt sé meinlaust, öruggt er að það er háð magni og tíðni reyk-inganna. Skammtímaáhrifin eru, fyrir utan vímunu, minnisskerðing, aukin matarlyst, hjartsláttur, munnþurrkur, sljóleiki og truflun

Peir sem reykja mikið standa sig verr í prófunum sem tengjast minni og úrvinnslu þar af leiðandi og virka efnið safnast upp í líkamanum að talið er svo áhrifin eru til lengri tíma.

á samhæfingu hreyfinga. Venjulega er tóbak notað sem burðar-efni og því andar fólk að sér öllum þeim skaðlegu efnum sem fyrir- finnst í sigarettum líka, sem eru þekktir áhættuþættir fyrir myndun krabbameina í lungum og víðar.

Rannsóknir hafa sýnt að ítrekuð neysla á kannabis virðist hafa áhrif á starfsemi heilans, blóðflæði minnkar til stöðva sem sjá um minni og athygli, breyting verður á stærð thalamus sem sér um meðvitundarstig og úrvinnslu upplýsinga.

Peir sem reykja mikið standa sig verr í prófunum sem tengjast minni og úrvinnslu þar af leiðandi og virka efnið safnast upp í líkamanum að talið er svo áhrifin eru til lengri tíma. Þetta ástand er verra eftir því sem einstaklingurinn er yngri og heilinn óþroskaðri. Líkurnar á að þróa með sér geðklofa eða geðrof eru auknar. Þá er talið að andleg líðan versni, kvíði og depurð aukist og þannig má lengi telja.

Samanburðurinn við önnur fíkniefni er erfiður og heimurinn er ekki alveg svarthvítur hvað þetta snertir. Forvarnir og fræðsla eru og verða þau tól sem munu sýna hvað mestan árangur í þeirri viðleitni að viðhalda góðri líkamlegri og andlegri heilsu. Það á að ekki síður við um fíkn en aðra sjúkdóma, hvað sem löggjöfina snertir.

Kennarar í sigurvímu

Hvílíkur sigur eftir þriggja vikna verkfall, við náðum 2,8% hækkun þetta árið. Það tekur okkur upp undir þrjú ár að vinna upp tekju- missinn í verkfallinu svo ekki sé talin með rýrnun á verkfallssjóðnum. Samninganefnd okkar sá einnig hag í því að semja um næstu tvö árin, 2% fyrir árið 2015 og 2% fyrir árið 2016. Það sjá allir hvílíkur árangur náðist þarna og 20% launamunur við viðmiðunarhópin í BHM hlýtur með þessu að verða úr sögunni – eða hvað?

„Heildarmyndin er geðfæld,“ sagði Ólafur H. Sigurjónsson, formaður Félags stjórnenda í fram-

KJARAMÁL



Haukur R. Hauksson framhaldsskólakennari

haldsskólum. Hvað er svona geðfæld, Ólafur, eða átti orðið að vera ógeðfæld?

Aðalgulrótin var að bæta fimm dögum við kennsluárið. Þá „hækka“ launin ef þið samþykkið einir allra stétta lengingu vinnu- tímabils. Þetta var fagnaðarerindið.

Nú held ég að kominn sé tími til að framhaldsskólakennarar

gefi KÍ frí og komi sér yfir til BHM.

Að lokum óska ég Gunnari Björnssyni, formanni samninganefndar ríkisins, ásamt menntamálaráðherra, til hamingju með

→ Eitt að lokum. Ef við kennarar sættum okkur við þessa skömm og höfnum ekki þessum samningi, stimplum við kennarastéttina endanlega sem láglaukastétt.

þann árangur að ná að lítillækka kennarastéttina fullkomlega. Það gekk eftir sem Gunnar sagði í upphafi samninganna „hér verður ekkert slakað á“ og stóð við það.

Eitt að lokum. Ef við kennarar sættum okkur við þessa skömm og höfnum ekki þessum samningi, stimplum við kennarastéttina endanlega sem láglaukastétt.

NÚ VERÐA ÞÍNIR

5 kr. af lítranum renna til
Slysavarnafélagsins
Landsbjargar



LÍTRAR AÐ LIÐI

Í dag renna 5 krónur af hverjum eldsneytislítra óskertar til Slysavarnafélagsins Landsbjargar þegar keypt er bensín eða dísel hjá Olís og ÓB. Láttu þína lítra verða að liði.



Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landssamtök 97 björgunarsveita á Íslandi, varna- og kvennadeilda og 54 unglíngadeilda.



Samstarf til góðra verka

Eftir þriggja ára farsælt samstarf Olís og Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur styrktarsamningurinn verið endurnýjaður til þriggja ára. Olís er hluti af viðbragðsáætlun þeirra 18 þúsund sjálfboðaliða hringinn í kringum landið, sem eru tilbúin að bregðast við og bjarga mannlífum þegar áföll dynja yfir. Í dag getur þú lagt þitt að mörkum.

Vertu með okkur í viðbragðsteyminu! Föst upphæð af eldsneytinu sem þú kaupir hjá Olís og ÓB í dag mun renna til björgunarstarfs í landinu.



Vinur við veginn



MERKISATBURÐIR

- 1571** Guðbrandur Þorláksson er vígður biskup á Hólum, 29 ára gamall.
- 1663** Konunglega leikhúsið í London er opnað.
- 1783** Krímkanatið er innlimað í rússneska keisaradæmið.
- 1898** Stórveisla er í Reykjavík í tilefni áttæðisafmælis Kristjáns konungs níunda.
- 1989** Fyrsta **Bónus-verslunin** er opnuð við Skútvog í Reykjavík.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
DAGBJÖRT BORG ÞÓRÐARDÓTTIR
lést á krabbameinsdeild 11E mánudaginn
31. mars. Útför hennar fer fram frá
Digraneskirkju miðvikudaginn 9. apríl kl. 13.



Kristjana Guðbjörg Ágústsdóttir
Óðinn Sörli Ágústsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Skúli Hafsteinn Gíslason
Ingunn Péturs



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
MARGRÉT HELENA
MAGNÚSDÓTTIR
Sauðármýri 3, Sauðárkróki,
lést fimmtudaginn 3. apríl á
Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki.
Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju
þriðjudaginn 15. apríl kl. 14.00.



Ingibjörg Sigfúsdóttir
Magnús Sigfússon
Sjöfn Sigfúsdóttir
Sigfús Sigfússon
Helena Sigfúsdóttir
og fjölskyldur.

Gísli Pétursson
Lára Gréta Haraldsdóttir

Jóney Kristjánsdóttir
Hermann Óli Finnsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
FRÍÐRIK HARALDSSON
bakarameistari,



sem lést 21. mars, verður jarðsunninn frá
Kópavogskirkju miðvikudaginn 9. apríl nk.
kl. 13.00. Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en
þeir sem vilja minnst Friðriks eru beðnir um
að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi njóta þess. Friðrik
naut þar einstakrar umhyggju og alúðar starfsfólks, allt fram í
andlátíð, og fyrir það erum við afar þakklát.

Steina Margrét Finnsdóttir
Haraldur Friðriksson
Finnur Þór Friðriksson
Dröfn Friðriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásrún Davíðsdóttir
Jóhanna Björnsdóttir
Arnþór Þórðarson



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
KJARTAN KJARTANSSON
málari,
Fannaöld 62,



lést á gjörgæsludeild Landspítalans í
Fossvogi 2. apríl sl. Útför hans verður gerð
frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. apríl kl. 11.00. Blóm og
kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeir sem vilja minnst
Kjartans eru beðnir um að láta blóðlækningadeild (11G)
Landspítalans eða Karitas hjúkrunarþjónustu njóta þess.

Guðrún Guðmundsdóttir
Elisabet Kjartansdóttir
Halldór Sigurður Kjartansson
Inga Björg Kjartansdóttir
Kjartan Safir, Karítas Perla, Þorsteinn Emerald,
Sveinbjörn Þorri, Kolbeinn Jökull,
Sigrún Diljá og Guðrún Lovísa.

Elí Sigursteinn Þorsteinsson
Hildur Sveinbjörnsdóttir
Jósef Heimir Guðbjörnsson

PETTA GERÐIST: 8. MARS 1981

Eldgos hófst í Heklu

Gos hófst í Heklu aðfaranótt þessa mánaðardags árið 1981. Það kom vísindamönnum og öðrum í opna skjöldu en nokkrir jarðfræðingar sem voru að störfum inni á hálendinu brugðust skjótt við og voru komnir að hraunjaðrinum strax í morgunsárið.

Hraunið virtist eiga upptök sín nálægt tindi Heklu. Það var þykkt og rann í tveimur kvíslum niður hlíðarnar. Tungurnar voru þó mjóar þannig að magnið var ekki ýkja mikið og krafturinn í gömlu Heklu með minna móti.

Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur, sem rannsakað hafði Heklugos manna lengst og best, taldi líklegt að gosið stæði stutt og hann reyndist sannspár því hálfum mánuði síðar var það yfirstaðið.



ELDGOS Hekla 2000 vetur suðurland fjöll fjall Eldgos, Hekla, fjöll, Heklugos, jarðhræringar, jarðvá, skjálftar, kvikuinnskot, hraun, kvika. → Mynd úr einkasafni má nota. → Hexa



BADMINTONSTJARNA „Ég lenti í því fyrst að fá álagsmeiðsl, fór í smá víthring á nokkrum mánuðum og leitaði þá til næringarfræðings,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þannig að mataræðið skilar manni langt

Máttur matarins er þema málþings Náttúruvæðingafélags Íslands á Hótel Natura í kvöld klukkan 19.30. Ragna Ingólfsdóttir badmintonkona er þar meðal frummælenda.

Ragna Ingólfsdóttir, margfaldur Íslandsmeistari og atvinnumaður í badminton, er að næra sig þegar ég hringi í hana. Þó ég hafi samvisku-bit yfir að spilla matfríðnum bið ég hana að segja mér í örfáum orðum frá erindi sínu: Breytt mataræði – sem leið til árangurs í íþróttum, sem hún heldur á málþingi Náttúruvæðingafélagsins í kvöld. Get heldur ekki stillt mig um að spyrja hvað hún sé að borða. „Ég er með grænmetisalat,“ upplýsir hún glæðlega.

„Þegar ég byrjaði að æfa sem atvinnumaður borðaði ég yfir höfuð hollt, en ef maður er að æfa mikið verður maður að vera með nánast fullkomið mataræði svo að líkaminn vinni rétt, maður haldi sér frá meiðslum og sé alltaf 100% tilbúinn á æfingar. Ég lenti því í því fyrst að fá álagsmeiðsl, fór í smá víthring á nokkrum mánuðum og leitaði þá til næringarfræðings.“

Hverjar voru helstu breytingarnar sem þú gerðir?

„Ég fór að borða mest lífrænt, mikið

Aðrir frummælendur á málþingi NLFÍ

Axel Sigurðsson hjartalæknir kallar erindi sitt Má varast hjarta- og æðasjúkdóma með mataræði?

Sif Garðarsdóttir, heilsumarkþjálfari frá IIN, fjallar um Réttu leiðina.

Tryggvi Þorgeirsson, læknir og lýðheilsufræðingur, fjallar um Mátt skynseminnar í matarvali

Fundarstjóri málþingsins verður Geir Gunnar Markússon, næringarfræðingur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

af grænmeti og ávöxtum, engar unnar kjötvörur, ekkert hvítt hveiti, engan hvítan sykur. Borða trefjaríkt fæði, fisk og ekki mikið kjöt. Tók þetta mjög alvarlega í eitt ár, slakaði svo kannski aðeins á, fann jafnvægið og hvað hent- aði mér. En ég get sagt að upp frá þessu hafi ég borðað hollt og tel það hafa hjálpað mér mikið á ferlinum.“

Ragna vakti athygli fyrir framgöngu sína á Ólympíuleikum í London. Litlu mátti muna að hún gæti ekki tekið þátt því ári fyrir leikana sleit hún kross-

band og var ráðlagt að gangast undir skurðaðgerð og leggja Ólympíudrauminn á hilluna. Því hafnaði hún og náði markmiðum sínum. „Ég fór ekki í aðgerð heldur ákvað að styrkja bara vöðvana og spila með spelku. Svo var margt sem hafði áhrif eins og andleg líðan og styrktaræfingar. Þá skiptir miklu máli að næra sig þannig að þér líði vel og þú getir æft rétt. Þannig að mataræðið skilar manni langt.“

Málþingið á Hótel Natura hefst klukkan 19.30.

gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,
GEIR ZOËGA
Ægisíðu 66, Reykjavík,

andaðist 31. mars á Landspítalanum.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni 9. apríl,
kl. 15. Þeim sem vilja minnst hans er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.



Sigríður E. Zoëga

Þórdís Zoëga
Ragnhildur Zoëga
Geir Magnús Zoëga
Jakobína Birna Zoëga
og barnabörn.

Kristján Óskarsson
Ásgeir Ásgeirsson
Þóra Björg Dagfinnsdóttir
Anton Örn Bjarnason



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
BIRNA ÖGMUNDSDÓTTIR
frá Flatey á Breiðafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ
föstudaginn 4. apríl sl.



Birgir Magnússon
Þórunn Björg Birgisdóttir
Guðlaug Halla Birgisdóttir
Birgir Már Ragnarsson
Birna Hlín Káradóttir
Kári Snær Kárason
og barnabarnabörn.

Konráð Ægisson
Kristinn Nikulásason
Silja Hrund Júlíusdóttir
Björn Freyr Ingólfsson

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SPÍTALINN OKKAR

Stofnfundur landssamtaka um endurnýjun á húsakosti Landspítala verður haldinn 9. apríl klukkan 17 að Engjateigi 7. Fundurinn er öllum opin.



Laurie
- Stretch

3 skálmavíddir:
- beinar niður
- þrengjast niður
- leggings þröngar

Verð 12.900 kr.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolhólmstugin) | Sími 555 1516



TAKTU ÞÁTT

Birtu mynd af þér á www.facebook.com/benecos - náttúruleg fegurð, og við styrkjum Kraft um 1.000 krónur.

SÖFNUNARÁTAK Í ÞÁGU KRAFTS

GENGUR VEL KYNNIR Að undanfögnu hafa konur birt myndir af sér án farða á Facebook til að vekja athygli á brjóstakrabbameini. Í kjölfarið hefur innflytjandi **benecos** hrundið af stað söfnun fyrir Kraft til að vekja athygli á krabbameinsvaldandi innihaldsefnum í snyrtivörum.



Nú hlýnar í veðri, bjóðum upp á

Yfirhafnadaga

15% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Léttir frakkar, vatteraðir jakkar og þunnar dúnúlpur.

Allt fyrir fermingarnar og brúðkaupin. Frábær sumarföt fyrir friðið og golfið.

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

B/A/S/L/E/R Parisartizkan
TIZKAN
Skiptiholti 29b • S. 551 0770

Gengur vel ehf., innflytjandi **benecos**-snyrtivara, hefur hafið áskorun á Facebook-síðu sinni: **benecos** – náttúruleg fegurð, þar sem konur eru hvattar til að birta mynd af sér án farða. Fyrir hverja konu sem tekur þátt mun Gengur vel leggja 1.000 krónur í sjóð til styrktar Krafti, sem er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra. Hver kona sem tekur þátt mun einnig fá fallega gjöf frá **benecos**, sem hægt er að nálgast í Heilsuhúsinu og Lifandi markaði.

HVAÐ LEYNIST Í SNYRTIBUDDUNNI ÞINNI?

Húðin er stærsta líffærið okkar og margt sem borið er á hana getur farið inn í blóðrásina og haft áhrif á líkamsstarfsemina. Staðreyndin er sú að sum innihaldsefni snyrtivara hafa fundist í krabbameinsæxlum og því er það mikilvægt nú sem aldrei fyrr að vera vel upplýstur um innihaldsefni þeirra. Snyrtivörurnar frá **benecos** eru lífrænt vottaðar og náttúrulegar. Fjölbreytt úrval fördunarvara

benecos gerir það verkum að flestar konur ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Evrópusambandið hefur nýlega samþykkt að banna fimm stærstu parabensameindirnar í snyrtivörum. Snyrtivörurnar frá **benecos** eru án allra parabena, paraffíns, sílikons, peg og óæskilegra litar- og ilmefta og hefur hlotið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá ÖKO-TEST í Þýskalandi.

„Meginmarkmið Krafts eru að styðja við fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur með því að halda úti jafningjastuðningi, hagsmunagæslu, öflugri fræðslu og veita hagnýtar upplýsingar. Í ár verður Kraftur 15 ára og mun félagið af því tilefni stofna sérstakan styrktarsjóð fyrir félagsmenn sína og gefa út bókina „Þegar foreldrar greinast með krabbamein“. Við hjá Krafti erum afar þakklát fyrir stuðning fyrirtækisins Gengur vel enda stendur það fyrir sölu á lífrænum og eiturefnalausum snyrtivörum, sem er mjög í anda Krafts,“ sagði Halldóra Víðisdóttir, formaður Krafts.



ÞAKKLÁT
Halldóra Víðisdóttir, formaður Krafts, er þakklát fyrir stuðninginn.

FÆST VÍÐA

Nánari upplýsingar um útsölu staði **benecos** á www.gengurvel.is



LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Stúðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lðjubjálfarar, sjúkrabjálfarar og lækna hafa mælt með stúðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gíslöft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stúðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.



2 bókstafir, fullkomin húð á 1 augnabliki

5 frábærir eiginleikar

- Jafnar húðlit
- Rakagefandi
- Hylur
- Gefur ljóma
- Sólarvörn
- SPF 15



BB krem frá Garnier

Hvað er BB krem?

BB krem (Blemish Balm) er fegurðarleindarmál frá Asíu með byltingarkenndri formúlu sem sameinar í einu skrefi það besta í húðumhirðu og örfinar litaragnir sem láta húðina ljóma.

Miracle Skin Perfector

Kraftaverkakremið frá Garnier- 5-i-1 fyrir fullkomna húð á augnabliki.

Miracle Skin Perfector
5-I-1-KREMIÐ



ÁSTRALIR HÓFU AÐ BÓLUSETJA DRENGI Í ÁR

Vaxandi krafa er um að ung-ir drengir verði bólusettir gegn HPV veirunni eins og stúlkur.

DRENGIR EKKI BÓLUSETTIR Í BRÁÐ

LÝÐHEILSA Bólusetning við HPV-veirunni hófst hér á landi árið 2011 og stendur nú öllum 11-12 ára stúlkum ókeypis til boða. Ókeypis bólusetning drengja er ekki í sjónmáli. Veiran veldur krabbameini í leghálsi kvenna en líka í hálsi, munnni og endaparmi beggja kynja og eru karlar þar í meirihluta.

Almenn bólusetning við HPV-veirunni (Human Papilloma Virus) hófst haustið 2011 og stendur hún nú öllum stúlkum á aldrinum ellefu til tólf ára ókeypis til boða. Veiran, sem smitast aðallega við kyn- og munnmök, veldur eins og mörgum er kunnugt frumubreytingum og krabbameini í leghálsi kvenna. Hún veldur hins vegar líka krabbameini í munnholi, koki og endaparmi hjá báðum kynjum en þrátt fyrir það er víðast hvar ekki farið að bólusetja drengi. Bóluefnið sem stendur íslenskum stúlkum til boða heitir Cervarix og veitir vörn gegn HPV-stofnum 16 og 18. Hér á landi greinast upp undir þúsund konur með frumubreytingar á ári hverju og um tuttugu með krabbamein, sem má í langflestum tilfellum rekja til smits af völdum fyrrnefndra stofna. Um 20 einstaklingar greinast á ári hverju með krabbamein í munnni og hálsi og eru karlmenn þar í meirihluta.

VAXANDI KRAFA

Vaxandi þrýstingur er á að bólusetja unga drengi gegn HPV-veirunni líka. Vilhjálmur Ari Arason læknir er einn þeirra sem hefur talað fyrir því. „Í sumum vestraenum ríkjum eru dánartilfelli flöguþekjukrabbameina í munnholi og koki þegar orðin álika mörg árlega og vegna flöguþekjukrabbameina í leghálsi kvenna. Nú, þegar farið er að bólusetja ungar konur gegn HPV-veirunni, er síðan áætlað að dánartilfelli vegna krabbameina í munnholi og koki karla verði hlutfallslega fleiri en kvenna.“

Vilhjálmur segir umfjöllun um þessi mál sífellt meiri í nágrannalöndum okkar. „Danir bjóða nú HPV-bólusetninguna ókeypis til ungra kvenna til allt að 26 ára aldurs en hér er hún sem fyrr segir eingöngu ókeypis fyrir 11-12 ára stúlkur. Þeir bólusetja með Gardasil sem nær líka til HPV-stofna 6 og 11 en þeir valda kynfæravörtum.“ Vilhjálmur segir best að bólusetja áður en ástundun kynlífs hefst. „Stór hluti smitast þó hægar fyrsta áratuginn og því mæla sífellt fleiri með bólusetningunni fyrir allar konur til 26 ára aldurs. Þar á meðal samtök bandarískra kvensjúkdóma- og fæðingarlækna. Hér á landi mætti koma í veg fyrir allt að helming frumubreytinga hjá konum með bólusetningum til 26 ára aldurs, eða um það bil 500 á ári.“

KLÍNÍSKAR RANNSÓKNIR VANTAR

En af hverju er bólusetning drengja ekki orðin jafn almenn og bólusetning kvenna? „Ávinningurinn er enn sem komið er ekki eins augljós og þegar um er að ræða leghálskrabbamein og klínískar rannsóknir vantar. Þó er ljóst að krabbamein í munnni, hálsi



VILHJÁLmur ARI ARASON

og endaparmi eru í meiri en 80 prósent tilfella af völdum sömu HPV-stofna. Svo snýst þetta líka um forgangsöröðun stjórnvalda og fjármuni,“ segir Vilhjálmur. Hann segir Ástrala þó vera farna að bjóða ungum drengjum þessa bólusetningu ókeypis í dag og flest lönd, þar

með talið Bandaríkin, mæla eindregið með henni. „Með því að nota Gardasil er líka hægt að komast hjá kynfæravörtum í leiðinni en þær eru útbreitt vandamál hjá konum jafnt sem körlum þó þær leiði ekki til krabbameina.“

BÓLUSETNING ANNARRA Á EIGIN KOSTNAÐ

Vilhjálmur telur rétt að vekja athygli á því að bólusetningin stendur öllum ungum drengjum og stúlkum hér á landi til boða. Bólusetning 11-12 ára stúlkna fer fram í grunnskólum en aðrir geta leitað til heilsugæslunnar. Gallinn er að bóluefnið kostar hátt í 100.000 krónur fyrir aðra hópa og er hætt við því að aðeins þeir efnameiri óski eftir því. „Vilhjálmur segir best að ráðfæra sig við heimilislækni. „Velji fólk að borga fyrir bólusetninguna þarf að koma þrisvar í sprautu. Fyrst með mánaðar millibili og svo sex mánuðum eftir fyrstu sprautu.“

TIL SKOÐUNAR

En er ókeypis bólusetning fyrir drengi í sjónmáli? Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Embætti landlæknis, segir málið sannarlega til skoðunar og stendur til dæmis til að ræða það á fundi sóttvarnaráðs í dag. Hann á þó ekki von á því að slík bólusetning verði tekin upp í bráð. „Slíka ákvörðun þarf að styðja með klínískum rannsóknarniðurstöðum og svo snýst þetta líka um forgangsöröðun og peninga. Hingað til hefur leghálskrabbamein kvenna verið í forgrunni enda hin tilfellingin sjaldgæf og spurning hvort eigi að leggja út í mikinn kostnað vegna þeirra.

Haraldur mælir þó alls ekki gegn því að foreldrar drengja og eldri stúlkna íhugi bólusetningu. „Ég verð seint sakaður um að vera á móti bólusetningum og myndi segja að það væri góð hugmynd.“

Nánar má fræðast um þessi mál í pistlum Vilhjálms Ara á Eyjunni.

vera@365.is



„...þú breytir hverju augnabliki í eitthvað alveg sérstakt.“



Út frá reynslu og kærleika: Vörur fyrir mæður og börn.

Börn gera foreldra stolta og hamingjusama, en stundum líka áhyggjufulla og oft skortir þá svör. NUK er með yfir 50 ára reynslu í gæðavörum sem eiga að fylgja börnunum gegnum þroska þeirra. Sjáðu meira á nuk.com

NUK. Understanding Life.



Nuk vörumerkið er skrásett vörumerki MAPA GmbH/Germany



Vissir þú að...
Ófæðisfullir tölvuleikir
hafa áhrif á börn.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson**, kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 8. APRÍL 2014



Reynsluakstur Peugeot 308
Sala til einstaklinga jókst um 34,1%
Reynsluakstur Hyundai i10
Kína stjórnar ákvörðunum bílasmiða

BÍLABÚÐ BENNA TEKUR VIÐ OPEL

Bílarir eru keyptir beint frá Þýskalandi og verða margar nýjar bílgerðir kynntar í júní, meðal annars Opel Adam.

Ekki telst það algengt að bíla-merki fari á milli þeirra átta bílaumboða sem eru hér á landi. Þær fréttir bárust þó í síðustu viku að þýska merkið Opel hefði flust til Bílabúðar Benna frá BL. Þau bíla-merki sem Bílabúð Benna hefur selt fram að þessu eru Porsche og Chevrolet, auk þess sem Ssang Yong-bílar voru seldir þar um tíma. Chevrolet-merkið er í eigu General Motors, líkt og Opel, svo nú má segja að Bílabúð Benna sé orðinn fulltrúi GM á Íslandi. Sameiginlegur sýningarsalur fyrir Opel og Chevrolet verður á Tangarhöfða 8-12 þar sem Chevrolet-sýningarsalurinn er í dag. Stefnt

er að formlegri vígslu þess sýningarsals í byrjun júní.

Margir nýir bílar

Þegar sameiginlegur sýningarsalur Opel og Chevrolet verður opnaður í júní mun Bílabúð Benna samhliða kynna nokkra nýja Opel-bíla sem ekki hafa áður sést á Íslandi. Það eru smábíllinn Opel Adam, sem selst mjög vel á meginlandi Evrópu, ný fernra dyra Opel Astra í veglegri útgáfu, breytt útgáfa Opel Insignia og Opel Insignia Tourer. Þar fer upphækkaður, fjórhjóladrifinn bíll með 195 hestafla dísilvél með tveimur forþjöppum. Einnig er stefnt að því að frumsýna at-

vinnubílalínuna hjá Opel, sem er mjög vegleg. Combo er þeirra minnstur, Vivaro er af millistærð og Movano er stærstur. Þessir bílar verða fáanlegir í ýmsum stærðum og gerðum.

Unnið að færslu varahluta og þjónustu

„Nú er unnið að undirbúningi færslu Opel frá BL til okkar,“ segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri bílasviðs Bílabúðar Benna, „og er þar að mörgu að hyggja. Nú í apríl munum við færa varahluta- og verkstæðisþjónustu til okkar frá BL og munum við kynna það um leið og það gerist en nú er unnið að

þjálfun okkar starfsmanna vegna þessa. Engir sölumenn Opel færast á milli fyrirtækjanna, né heldur hvað varðar þjónustuna, en hér á bæ er mikil þekking til staðar er varðar bíla frá General Motors og hér hefur okkar fólk þjónustað Opel-bíla til nokkurs tíma. Auk þess munum við ráða fleira fólk vegna þjónustu við Opel-bíla.“

Kaupa beint frá Þýskalandi

Sú breyting hefur orðið samhliða flutningnum að Opel-bílar sem hingað munu koma fara ekki í gegnum söluaðila Opel í Danmörku, heldur beint frá Opel í Þýskalandi. Mun það hafa já-

kvæð áhrif á verð Opel-bíla hér og verða þeir því á afar samkeppnishæfu verði. Þessi grundvallarbreyting mun hafa mikla þýðingu fyrir Opel-merkið héraðs, bæði hvað varðar afhendingu á bílum sem og verð þeirra. „Það eru spennandi tímar fram undan fyrir Bílabúð Benna. Við höfum náð flottum árangri með Chevrolet á undanförunum árum og nú bætum við Opel í okkar vöruframboð. Við munum leggja áherslu á að veita Opel-eigendum fyrsta flokks þjónustu hér eftir sem hingað til ásamt því að bjóða gott úrval bíla á samkeppnishæfu verði,“ segir Benedikt Eyjólfsson, eigandi Bílabúðar Benna ehf.



ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYNUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Exide rafgeymarnir fást hjá:

EXIDE
TECHNOLOGIES
TRANSPORTATION

MAX1
BILAVAKTIN

olis

Tesla Model S söluhærri en allar gerðir Ford í Noregi

Sala á rafmagnsbílum er hvergi hlutfallslega meiri í heiminum en í Noregi. Söluhæsta bílgerðin þar í marsmánuði var Tesla Model S, en hann seldist í 1.493 eintökum bara í þessum eina mánuði. Er það næstum því jafn mikil sala og á fólksbílum á Íslandi það sem af er ári. Í næsta sæti í Noregi á eftir Teslunni var Volkswagen Golf, en af honum seldist þó minna en helmingur af Tesla Model S. Í þriðja sæti var annar rafmagnsbíll, Nissan Leaf, og seldust af honum 425 eintök. Alls hafa selst 2.056 eintök af Tesla

Model S í Noregi í ár, talsvert meira en af Golf og Leaf. Til að setja þessar tölur í enn meira samhengi þá seldust fleiri Tesla Model S en af öllum gerðum Ford-bíla. Góð sala rafmagnsbíla í Noregi skýrist að miklu leyti af þeim ívilnunum sem rafmagnsbílaeigendur njóta þar, vörugjalda- og skattleysi, fríum bílastæðum, forgangi á akreinum fyrir strætisvagna, fríum vegtollum og fleiri þáttum. Ekki skal þó litið fram hjá því að Tesla Model S er samt dýr bíll, en efnahagur íbúa Noregs leyfir slíkan munað.



Tesla Model S rafmagnsbíllinn var söluhæstur og Nissan Leaf í þriðja sæti.

Aldrei selt fleiri bíla en í mars

Það eru ágætir tímar í þýskri bílaframleiðslu nú um stundir. Bæði hafa Audi og Mercedes Benz tilkynnt að fyrir-tækin hafi aldrei áður selt fleiri bíla í einum mánuði en í mars nýliðnum. Sala Audi var 15% meiri en í mars í fyrra og seldi Audi 170.450 bíla. Mercedes Benz seldi 158.523 bíla í mars og á því enn nokkuð í land með að ná Audi í sölu, en Mercedes Benz stefnir að því ekki seinna en við lok þessa áratugar. Vöxtur



í sölu Benz var einnig fimmtán prósent. Audi seldi 412.850 bíla á fyrsta ársfjórðungi og er það líka met hjá Audi. Mjög góð sala á Audi A3 á vænan þátt í þessu ágæta gengi Audi og jókst sala þess bíls um 53% milli ára í mars. Af Audi Q7 jeppanum seldist einnig 39% meira og af stóra A8-fólksbílum 49% meira. Sala Audi í Kína jókst um 37 prósent milli ára, en aðeins um átta prósent í Bandaríkjunum og sjö prósent í Evrópu.



Volvo XC90.

Lifir gamli Volvo XC90 áfram í Kína þó ný kynslóð sé á leiðinni?

Hann er sannarlega kominn til ára sinna hinn ágæti jeppi Volvo XC90, en það þýðir ekki að framleiðslu hans verði hætt endanlega. Hann mun líklega eiga framhaldslíf í Kína og framleiðslu hans verður haldið áfram þar. Stutt er orðið í næstu kynslóð Volvo XC90, sem kemur á markað seinna á þessu ári og hafa margir lengi beðið eftir þeim bíl, en kynningu hans hefur verið frestað mörgum sinnum. Það yrði núverandi eignandi Volvo, bílaframleiðand-

inn Geely í Kína, sem myndi sjá áfram um framleiðslu eldri gerðar XC90, þrátt fyrir að nýja gerðin verði einnig til sölu þar. Sá eldri verður í boði sem ódýrari valkostur en nýi bíllinn. Aðeins einn vélarkostur yrði í eldri XC90-bílnum, 2,5 lítra og fimm strokka vél með forþjöppu. Nú eru þegar liðin 12 ár frá framleiðslu fyrstu og einu kynslóðar Volvo XC90 bílsins og eru fá dæmi um slíkt á seinni árum, en árin halda áfram að telja með framleiðslunni í Kína.



Chevrolet seldist mest allra bíla merkja.

SALA TIL EINSTAKLINGA Í MARS JÓKST UM 34,1%

BL var söluhæsta bílaumboðið með 24,5% hlutdeild.

Bílasala hefur aukist hérlendis á þessu ári og heildarsalan vaxið um 18,1% fram til loka nýliðs mars. Alls hafa selst 1.574 bílar. Aukningin í mars einum var 8,9%. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna því færri bílar hafa verið keyptir hlutfallslega af bílaleigum en í fyrra og salan til einstaklinga þess meiri. Ef dregnir eru frá bílar sem bílaleigurnar hafa keypt kemur í ljós að aukning í bílasölu í mars til einstaklinga er 34,1%, en í mars í ár keyptu þeir 397 bíla í sam-anburði við 296 bíla í sama mánuði í fyrra.

Chevrolet seldist mest til einstaklinga

Það bíla merkja sem seldist mest af til einstaklinga í mars er Chevrolet með 38 bíla og 9,6% hlutdeild, en Volkswagen kemur þar rétt á eftir með

37 bíla. Næstu merki þar á eftir eru Kia með 32 bíla, Toyota með 31, Nissan 27, Skoda 26, Peugeot 24, Renault 22, Ford 21 og í tíunda sætinu er svo Mazda með tuttugu seldu bíla.

BL söluhæst til loka mars

Ef sala hvers umboðs fyrir sig er skoðuð, bæði á seldum fólks- og sendibílum, sést að BL er nú söluhæst með 431 seldan bíl til loka mars. Það er 24,5% hlutdeild. Næst á eftir kemur Hekla með 324 seldu bíla og 18,4% hlutdeild. Þriðja söluhæsta umboðið er Toyota með 296 bíla og 16,8% hlutdeild. Næst á eftir koma svo Brimborg með 218 bíla og 12,4%, Askja 191 og 10,9%, Bílabúð Benna 121 og 6,9%, Bernhard 106 og 6,0% og Suzuki með 41 seldan bíl og 2,3% hlutdeild.



Ferrari F430.

FERRARI KÆRT VEGNA YFIRTÖKU Á FACEBOOK-SÍÐU

Fimmtán ára unglingur hélt úti geysivinsælli Ferrari-síðu.

Sammy Wasem var aðeins 15 ára er hann stofnaði Ferrari-áhugamanna-síðu á Facebook sem varð meðal vinsælustu síðna á samfélagsvefnum. Nú sex árum síðar hefur hann farið í mál vegna yfirtöku Ferrari-fyrirtækisins á síðunni. Wasem, sem er áhugakeppnisökumaður, fékk ótrúlegan fjölda heimsóknna á síðu sína en hagnaðist ekkert á henni. Einn daginn tók Ferrari sér það vald að yfirtaka síðu hans á þeim forsendum að Wasem notaði síðu sína til að láta vita af 18 ára afmælisdegi sínum og að aug-

lýsa varning á síðunni sem ekki var framleiddur af Ferrari, þó svo hann hefði ekki haft af því neinar tekjur. Ferrari vildi meina að síða hans skaðaði merki þeirra.

Ferrari fór ekki sömu leið og Coca-Cola gerði er það réði tvo stofnendur vinsællar Facebook-síðu sem greindi frá vörum þess og fóru aðdáendur þeirrar síðu úr tveimur milljónum aðdáenda í 80 milljónir fyrir vikið og bæði stofnendur hennar og Coca-Cola una nú gláðir við sitt. Þess í stað réði Ferrari lögfræðinga til að gæta merkis

síns og stendur nú í harðri baráttu gegn unga manninum og síðu hans. Ungi maðurinn og faðir hans hafa nú einnig ráðið lögfræðinga til að gæta réttar síns og vilja meina að ekkert fyrirtæki geti tekið sér það vald að taka yfir áhugamanna-síður, þar sem ekkert brotlegt hefur verið gert á síðunni frá upphafi. Fara þeir fram á 11 milljón dollara bætur frá Ferrari vegna yfirtöku síðunnar, eða 1.240 milljóna króna. Verður mál þeirra tekið fyrir nú í apríl og verður forvitnilegt að sjá hverjar lyktir þess verða.



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum.

www.kia.com

Glæsilegur Kia Rio

- rúmgóður og einstaklega sparneytinn



RIO



The Power to Surprise

Eyðir aðeins frá **3,6** lítrum á hundraðið

Nútímatækni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnuðum gæðabíl, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíl í heimi**. Magn **CO₂ í útblæstri er einnig mjög lítið** svo hann fær **frítt í staði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Að sjálfsgöðu er 7 ára ábyrgð á nújum Kia Rio, svo hún **gildir til ársins 2021**.

Fjölbreytt fjármögnun í boði: Bílasamningar til allt að sjö ára og vaxtalaus lán til þriggja ára fyrir allt að 40% af kaupverði. Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan einstaklega sparneytna bíl.

Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.

Verð frá **2.590.777 kr.** Rio 1,1 dísil
Aðeins **24.980 kr.** á mánuði í 84 mánuði*



*M.v. 1.129.000 kr. útborgun eða upptökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,55% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%. Nánar á ergo.is.

f Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Rafmagnsbílar spara 171 milljón lítra eldsneytis á ári í Bandaríkjunum



Tesla Model S fyrir utan höfuðstöðvarnar.

Hreinræktuðum rafmagnsbílum og Plug-In-Hybrid-bílum fer mjög fjölgandi vestanhafs eins og í öðrum heimshlutum. Þeir spara eigendum sínum háar upphæðir í eldsneytiskostnaði og reiknað hefur verið út að hann nemi 171 milljón lítra eldsneytis sem kostað hefði þá 11,3 milljarða króna. Það eru nú um 200.000 slíkir

bílar á bandarískum vegum. Flestir þeirra eru í Kaliforníufylki og eru 46% Plug-In-Hybrid-bíla Bandaríkjanna þar og hafa þeir sparað eigendum sínum 4,5 milljónir dollara í eldsneytis-kostnaði.

Nokkuð jöfn skipting er á milli hreinræktuðra rafmagnsbíla og Plug-In-Hybrid-bíla, eða um 100.000 af hvorri gerð. Bílarnir Chevrolet Volt, Nissan Leaf og Tesla-bílar telja um tvo þriðju af öllum þessum flota. Bílarnir Chevrolet Volt, Nissan Leaf og Tesla-bílar seldust helmingi meira í fyrra en árið áður en sala Tesla-bíla áttfaldadist milli ára. Þessi sparnaður eigenda rafmagnsbíla mun einungis fara vaxandi á næstu árum og minnka þörfina fyrir jarðefnaeldsneytisnotkun Bandaríkjamanna.



Prófanir á nýjum Range Rover Sport RS.

Range Rover Sport RS er 550 hestöfl og fær vél frá Jaguar

Sumum dugar ekki að hafa 510 hestöfl undir húddinu, en þannig má bæði fá Range Rover og minni bróður hans, Range Rover Sport, í dag. Því hefur Jaguar/Land Rover bætt um betur og sett 550 hestafla vél í Range Rover Sport, en það er sama vél og fæst nú í Jaguar XKR-S, Jaguar XFR-S og Jaguar F-Type R. Ekki er nóg að auka afl vélarinnar án þess að bæta bremsurnar og það hefur einmitt verið gert við þennan kraftaköggul, sem ætti að hafa hröðun á við

vænsta sportbíl. Þessi vél þarf líka að anda meira en aðrir vélarkostir í Range Rover Sport og því eru stærri loftinntök að framan og að aftan eru myndarleg fjögur pústop. Ekki er ljóst hvar Jaguar/Land Rover ætlar að kynna þennan bíl, en ekki er talið ólíklegt að það verði á bílasýningunni í New York sem hefst um miðjan apríl. Þó gæti hann fyrst sést á bílasýningunni í Peking í lok apríl, enda eru margir vænlegir kaupendur bílsins þar.



Sala á Ford-bílum minnkaði um 18% í Rússlandi í fyrra.

Ford segir upp 950 í Rússlandi

Sala bíla í Rússlandi er á niðurléið og hefur verið það síðustu 12 mánuði og eru helstu ástæður þess nefndar lægð í efnahagslífi, lækkun rúblunnar og staðan á Krímskaga. Ford er með tvær samsetningarverksmiðjur í Rússlandi og smíðar þar margar gerðir bíla sinna, meðal annars Ford Focus, Mondeo, Kuga, Explorer og Edge. Vegna lítillar bílasölu þar þarf Ford nú að segja upp 950 manns í þessum verksmiðjum. Fréttir herma að niðursveifla í sölu bíla í Rússlandi hafi komið óvenju hart niður á Ford,

en heildarlækkun í sölu var ekki nema 5,5% í fyrra, en sala Ford minnkaði um 18%. Ekki batnaði það hjá Ford á þessu ári því fyrstu tvo mánuði ársins minnkaði sala Ford um 21%. Þessar aðgerðir Ford verða ekki þær einu í Rússlandi, en fyrirtækið ætlar að loka verksmiðjum sínum í fjórar vikur á næstunni til að rétta við muninn á framböði og eftirspurn Ford-bíla í Rússlandi. Ford áformar ekki að draga sig frá framleiðslu bíla sinna í Rússlandi þrátt fyrir tímabundna erfiðleika og hefur trú á bættu ástandi þar.



Subaru Viziv 2 hugmyndajepplingurinn.

ERU TVEIR NÝIR Á LEIÐINI FRÁ SUBARU?

Nýr jepplingur og jeppi á leiðinni sem leysir Tribeca af.

Subaru kynnr nú hvern nýja bílinn á fætur öðrum. Flestir þeirra eru reyndar nýjar gerðir þekktra bíla Subaru, svo sem Impreza, Forester, Legacy, WRX og sögur herma að stutt sé í nýjan Outback. En það er þó meira í pípunum hjá Subaru því heyrst hefur að von sé á tveimur glænýjum bílum sem báðir byggja á hugmyndablínum Viziv 2, sem sýndur var

á síðustu bílasýningu í Genf. Annar þeirra yrði arftaki Tribeca-jepþans, sem þótti reyndar mikið fíaskó hjá Subaru, en hinn yrði jepplingur og öllu minni.

Sá stærri kæmi fyrr á markað og væri hlaðinn tækninýjungum. Hann yrði í boði með fjögurra strokka boxer-dísilvél en hefði einnig rafmótora, einn fyrir framhjólina og tvo

Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta



Ástþór Helgason
Sölufulltrúi



Guðmundur Þórðarson
Hdl. lögg. fasteignasali

Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá. - Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600



THE FINEST QUALITY

THE
Herschel
SUPPLY CO. BRAND

TRADE MARK

Vinsælu Herschel
bakpokarnir
hafa slegið í gegn

Vandaðir og flottir
Frábær fermingargjöf
skoðið verð og úrval á netinu

Herschel Supply Co. er kanadískur
framleiðandi að vönduðum bakpokum,
töskum, veskjum og fylgihlutum.

Markmið Herschel er að hanna gæðavörur
þar sem næmt auga fyrir smáatriðum
og fjölbreytt litaval mætast þannig að hver
og einn geti fundið tösku við sitt hæfi.



URBAN
Kringlunni

eva
Laugavegi 26

galleri sautján
Kringlan | Smáralind

Fylgist með okkur á **facebook** og *Instagram*



NÝTT

KL. 21:20

The Smoke

Vönduð bresk þáttaröð frá framleiðendum Broadchurch um slökkviliðsmenn í London.

Skemmtilegt þriðjudagskvöld

KL. 19:20

Um land allt

Kristján Már Unnarsson fjallar um Róbert Guðfinnsson og milljarða fjárfestingar hans á Siglufirði.



KL. 20:10

Mike & Molly

Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



KL. 20:35

The Mentalist

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem nú er orðinn ráðgjafi hjá FBI.



KL. 22:05

Bones

Dr. Temperance Brennan heldur áfram að veita ráðgjöf í allra flóknustu morðmálum.



KL. 20:25

Þriðjudagskvöld með Frikka Dór

Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.



Í ÖPINNI DAGSKRÁ

KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

5					2		7	
3			1	6			5	4
6	8	2						
4	3		7	6			8	
			5		8	3		
			9	4	1		7	2
				5		4	3	1
			5					6
2	7							

LÉTT

6	3		5	8			2	
4		7					3	
	9			3			5	6
9	6	3	4		5			2
	7						4	
2	4		6					5
			9	5	1			
			6					3
5								
7				4	6			

MIDLUNGS

	3	4		6				9
	9						6	1
			4				3	8
	2	6	5		4			3
		3	6		7	2	5	
				3		8		
2								
				7				5
4	7			9			6	

PUNG

9	1	4	2	3	5	8	7	6
2	5	7	8	4	6	9	3	1
6	3	8	7	9	1	5	2	4
4	6	1	5	7	9	2	8	3
3	2	5	1	6	8	4	9	7
8	7	9	3	2	4	6	1	5
7	8	6	9	5	3	1	4	2
1	4	3	6	8	2	7	5	9
5	9	2	4	1	7	3	6	8
1	8	5	2	3	9	7	4	6
3	9	4	7	8	6	5	1	2
7	6	2	4	5	1	3	9	8
2	3	9	5	4	7	6	8	1
4	1	7	6	2	8	9	5	3
6	5	8	9	1	3	2	7	4
5	7	3	8	6	4	1	2	9
9	4	1	3	7	2	8	6	5
8	2	6	1	9	5	4	3	7
2	7	3	4	1	6	9	5	8
5	6	8	3	7	9	4	1	2
9	4	1	2	5	8	3	7	4
7	1	9	6	4	2	3	8	5
8	3	6	1	9	5	2	7	4


LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli




HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Mig langar frekar að sjá eftir því sem ég hef gert en því sem ég hef ekki gert.“

Lucille Ball

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18			19			20
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. svall, 6. einnig, 8. sjór, 9. skordýr, 11. komast, 12. vera séður, 14. kostur, 16. tveir eins, 17. munda, 18. drulla, 20. tvíhljóði, 21. treysta.

LÓÐRÉTT

1. hróss, 3. kringum, 4. tónverki, 5. knæpa, 7. gisinn, 10. harðæri, 13. því næst, 15. óbundinn, 16. fálmm, 19. óreiða.

LAUSN

1. ná, 2. sjá, 3. sýn, 4. sýn, 5. sýn, 6. sýn, 7. sýn, 8. sýn, 9. sýn, 10. sýn, 11. sýn, 12. sýn, 13. sýn, 14. sýn, 15. sýn, 16. sýn, 17. sýn, 18. sýn, 19. sýn, 20. sýn, 21. sýn.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Jón Viktor Gunnarsson (2.412), Taflfélagi Bolungarvíkur, hafði hvítt gegn Eiríki Björnssyni (1.958), b-sveit Taflfélags Reykjavíkur, á Íslandsmóti skákkfélaga.

Hvítur á leik



17. Rd5! Bxd5 (17...exd5 18. exd5 er enn betra á hvítan) 18. exd5 e5 19. fxe5 dxe5? (19...b4 hefði verið best) 20. d6! Bxd6 21. Bxa8 exd4 22. Dxd4 Bf4+ 23. Kb1 og hvítur vann skömmu síðar. www.skak.is: Óvænt úrslit á Wow air móti TR.

sloggi®

**SLOGGI MAXI 3 Í PAKKA
Á TILBOÐI
á útsölustöðum Sloggi**

TILBOÐ



Rekstrarvörur til fjáröflunar

– safnaðu peningum með sölu á fjáröflunavörum frá RV



**Er æfingaferð,
keppnisferð,
útskriftarferð eða
önnur kostnaðarsöm
verkefni framundan?**

Síðustu 30 árin hafa félagar í íþróttafélögum, kórum og öðrum félagasamtökum aflað sér fjár á einfaldan hátt með sölu á WC pappír, eldhúsrúllum, þvottaduffi og öðrum fjáröflunavörum frá RV.

FÓTBÓLI



BADMINTON



SUND



HANDBÓLI



KÖRFUBÓLI



Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



LÍFIÐ

8. apríl 2014 **ÞRIÐJUDAGUR**



BERT Á MILLI

Söngkonan Taylor Swift klæddist kjól frá J Mendel, hælaskóm frá Casadei og bar skartgripi frá Marina B.

SÉR-STAKUR KJÓLL

Umtalaðasti kjóll kvöldsins var klárlega Zuhair Murad-kjóllinn sem söngkonan Shakira klæddist. Sitt sýnist hverjum um fegurð kjólsins.

Kjóll Shakiru stal senunni

Það besta í kántrítónlist var verðlaunað í Las Vegas á sunnudaginn á verðlaunahátíðinni Academy of Country Music. Skærustu stjórnur heimsins létu sig ekki vanta á rauða dregilinn þar sem íburðarmiklir síðkjólar voru mjög áberandi.



HEIT Í HÁTÍSKU

Idol-stjarnan Carrie Underwood var í kjól frá Oscar de la Renta, hælaskóm frá Jimmy Choo og með skartgripi frá David Yurman.



HÚN SÁ RAUTT

Leikkonan Olivia Munn bauð upp á eldraudan kjól frá Reem Acra, hæla frá Christian Louboutin og skart frá Neil Lane.



ÁNÆGÐ MEÐ KVÖLDIÐ

Idol-stjarnan Kellie Pickler var í pastellitúðum kjól frá Romona Keveza.



EINFALT OG ELEGANT

Kántrísöngkonan Faith Hill klæddist kjól frá Saint Laurent og bar skart frá Martin Katz.



Randy Boyagoda (Kanada)
Rithöfundur og prófessor við Ryerson-háskólann



Susan Orlean (BNA)
Höfundur hjá The New Yorker
www.susanorlean.com



Iain Reid (Kanada)
Verðlaunahöfundur



Geraldine Brooks (BNA/Ástralía)
Pulitzer-verðlaunahöfundur
www.geraldinebrooks.com



Andrew Evans (BNA)
Verðlaunahöfundur hjá National Geographic Traveler




Sara Wheeler (Bretland)
Höfundur ferðabóka og ævisagna



NORRÆNA HÚSIÐ
icelandwritersretreat.com



Joseph Boyden (Kanada)
Scotiabank
Giller-verðlaunahafi
www.josephboyden.com



James Scudamore (Bretland)
Tilnefndur til Man Booker-verðlaunanna
www.jamesscudamore.com

Norræna húsið kynnir:

Höfundakvöld
Þriðjudaginn 8. apríl
kl. 20.00

Verðlaunahöfundar heimsækja Norræna húsið og lesa upp úr verkum sínum.

Egill Helgason kynnir höfundana. Léttar veitingar í boði. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Sturlugata 5 | 101 Reykjavík | S. 5517030 | nh@nordice.is | www.norraenahusid.is



20% afsláttur af
EGF húðvörum

EGF húðvörudagar í Lyfjum og heilsu
dagana 8. – 10. apríl



Kaupuki ef keyptar eru EGF húðvörur
fyrir 7.900 kr eða meira*

EGF spegill
EGF Húðnæring 7 ml.

*Takmarkað magn

Lyf & heilsa

Kringlan
Austurver
Domus Medica
Fjörður
JL-hús
Eiðistorg
JL-hús

Glerártorg
Keflavík
Mosfellsbær
Selfoss
Vestmannaeyjar
Hveragerði



 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

SMÁRÁ BIÓ HÁSHÖLA BIÓ

SMÁRÁ BIÓ 5%

CAPTAIN AMERICA 3D	KL. 5-8-10:15	12
CAPTAIN AMERICA 3D LUXUS	KL. 5-8	12
NOAH	KL. 5-8-10:15	12
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 5:45-8	7
HNETURÁNIÐ 20	KL. 3:30	L
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 20	KL. 3:30-5:45	L
RIDE ALONG	KL. 8	12

HÁSHÖLA BIÓ 5%

NYMPHOMANIAC PART 2	KL. 8-9	16
HELD	KL. 8-8	L
GRAND BUDAPEST HOTEL	KL. 5:45-8-9-10:15	7
DEAD SNOW - RED VS DEAD	KL. 10:15	16
ONE CHANCE	KL. 5:40	L

Miðasala á: **Meiði**

BIÓBYLTING

PRJÁR NYJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BIÓ

BESTA VERIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.

FJÓL.SKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.

GAÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.

ÞANAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

STJÖRNURNAR Á TWITTER

- Harry Styles** @Harry_Styles 7. apríl
Peir sem eru með Parkinsons missa stjórnina. Skilningur ykkar getur skilað sér. @ParkinsonsUK's
- Miley Ray Cyrus** @MileyCyrus 6. apríl
Óbærilegur sársauki
- Katy Perry** @katyperry 6. apríl
En biluð helgi...
- Sharon Osbourne** @MrsSOsbourne 7. apríl
Vaknaði við svo sorglegar fréttir.

Mickey Rooney er látinn. Goðsögn og virkilega ljúfur maður. Megi hann hvíla í friði.

Pegar stórt er spurt

BAKPANKAR
Álfrúnar Pálsdóttur



Hvernig geturðu verið kona og ekki femínisti? Árið var 2006 og ég nýskriðin af hörðu marmaragólfi Kringlunnar inn á ritstjórn Fréttablaðsins, algjörlega blaut á bak við eyrun. Spurningunni var beint til mín af vinnufélaga eftir að ég hafði komið með einhverja furðulega yfirlýsingu þar sem ég rakkaði niður brjóstahaldarabrennur og tréklossa. Í raun hafði ég ekki hugmynd um hvað femínismi þýddi.

ÉG hef oft hugsað til baka til þessa augnabliks þegar samstarfsfélagi minn mátaði mig á miðjum vinnudegi. Sá hinn sami endaði á að vera sessunautur minn þangað til í fyrra og kann ég honum góðar þakkir fyrir að hafa með einni

góðri spurningu komið vitinu fyrir mig. Kippt mér út úr afneituninni um að kvennabaráttunni væri lokið og jafnrétti kynjanna væri náð.

SPURNINGIN varð til þess að nokkrum mánuðum seinna ákvað ég að velja kynjafræði sem aukafag í háskólanámi. Fag sem ekki seinna en í gær ætti að vera gert að skyldufagi í menntaskólum landsins.

ÉG hef gripið til þessarar spurningar þegar umræðan fer inn á jarðsprengju-svæðið sem femínismi virðist vera. Einhvern veginn setur hún þennan eldheita málaflokk í þá einföldu mynd sem hann í raun er.

FEMÍNISMI snýst um rétt kvenna til menntunar, atvinnu og jafnra launa á við karlmenn – femínismi er barátta fyrir jöfnum áhrifum í viðskiptum og í stjórnárum. Fyrir að fá að fara í fóstureyðingar og barátta gegn mansali. Almenn réttindi. Undirrituð er svo gott dæmi um að rólyndisfólk er líka femínistar.

Varar plötusnúða við prettum

Ársæll Þór Ingvason, betur þekktur sem IntroBeats, lenti í nýstárlegri svikamyllu og er ekki á leið til Vegas.

„Ég var bókaður að spila á skemmtistað í Las Vegas. Samskiptin fóru tiltölulega eðlilega fram, þar til á síðustu metrunum þegar ég var beðinn um að leggja út fyrir fluginu, en það var þá sem viðvörunarbjöllur fór að hringja,“ segir plötusnúðurinn Ársæll Þór Ingvason, betur þekktur sem IntroBeats, en hann lenti í klónum á fremur nýstárlegri svikamyllu á netinu á dögnum.

„Já, þetta var ágætlega skipulagt hjá þeim. Það var stelpa, Veronica Fisher, sem hafði fyrst samband við mig í gegnum Facebook og sagðist hafa verið að túra um Evrópu og haft viðkomu á Íslandi. Þannig hefði hún fengið mitt nafn í hendurnar og verið hrifin af því sem ég væri að gera í tónlist,“ útskýrir Ársæll, og segist enga ástæðu hafa haft fyrir að taka hana ekki alvarlega.

„Hún fór að spyrjast fyrir um dagsetningar, hvenær ég væri laus og svona eins og gengur. Svo urðum við vinir á Skype og þar ræddi einhver sem hún kallaði yfirmann sinn við mig, Cy Brad Waits, og gerði mér tilboð. Hann ætlaði að borga mér 1.200 dollara fyrir að spila þarna þrjú kvöld, ásamt því að borga hótél og flug fyrir mig og gest. Ég var bara ánægður með þetta og grundaði ekki neitt.“

Síðan fór viðvörunarbjöllum að hringja. „Þau fóru að hafa samband oftar og biðja mig um að leggja út fyrir fluginu, 90 þúsund krónur á mann, út af einhverju máli með einhver kreditkort sem ég skildi ekki alveg. Þau sögðust samt myndu redda mér ódýrara flugi í gegnum American Airlines, sem náttúrulega flýgur ekki á milli Las Vegas og Keflavíkur, þannig að ég fór að efast,“ segir Ársæll, og hlær, en hann komst þá að því að vinur hans sem fæst við plötusnúðamennsku hafði lent í sama fólk.


„Við bárum saman bækur okkar og komumst að því að hvorugur okkar er að fara til Vegas! Því miður,“ bætir hann við og varar aðra í stéttinni við því að lenda í klóm svikara á netinu.

„Við komumst líka að því að Veronica Fisher er karakter í sjónvarpsþættinum Shameless,“ segir Ársæll og hlær.

olof@frettabladid.is



Hann ætlaði að borga mér 1.200 dollara fyrir að spila þarna þrjú kvöld, ásamt því að borga hótél og flug fyrir mig og gest. Ég var bara ánægður með þetta og grundaði ekki neitt.



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í **Bæjarbíói**



Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www.kvikmyndasafn.is

RÚSLAN OG LJÚDMÍLA
Stj.: Aleksandr Ptushko

Þema: Bókmenntajöfnar á kvikmyndatjald

Skáldverk Aleksandrs Þúsjkín, sem myndin er byggð á, leiðir okkur inn í heim ævintýra, þar sem söguhetjumar eru umkringdar góðum og illum öflum. Aðalpersónan Ljúdmíla, dóttir Vladímírs fursta í Konungsgarði, er numin á brott rétt áður en halda á brúðkaup hennar og Rúslans. Furstinn ákveður þá að hver sá sem getur endurheimt dóttur hans úr ræningjahöndum megi kvænast henni.

LAUGARÁSBÍÓ Coca-Cola

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
CAPTAIN AMERICA 3D	5, 8, 10:45	12
NOAH	6, 8, 9, 10:45	12
HNETURÁNIÐ 20	6	L

SAMbio.is

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRDU OKKUR

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

CAPTAIN AMERICA 2 3D	KL. 5:10-8-10:45	12
CAPTAIN AMERICA 2 2D	KL. 10:20	12
CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D	KL. 5:10-8-10:45	12
NOAH	KL. 5:10-8-10:45	12
NEED FOR SPEED	KL. 8-10:45	12
POMPEII	KL. 5:40-8	12
300: RISE OF AN EMPIRE 2D	KL. 10:20	16
NON STOP	KL. 8	12
MUPPETS MOST WANTED	KL. 5:30	L
THE LEGO MOVIE	KL. 5:50	L
CAPTAIN AMERICA 2	KL. 3D: 8-10:45 2D: 5:10	12
NOAH	KL. 5:10-7:40-10:30	12
NEED FOR SPEED	KL. 8-10:20	12
MUPPETS MOST WANTED	KL. 5:30	L
300: RISE OF AN EMPIRE 2D	KL. 8-10:45	16
GAMLINGINN	KL. 5:10	12
CAPTAIN AMERICA 2	KL. 3D: 10:45 2D: 6-9	12
NOAH	KL. 8-10:20	12
GAMLINGINN	KL. 5:30-8	12
12 YEARS A SLAVE	KL. 5:20	16
CAPTAIN AMERICA 2	KL. 8-10:45	12
NOAH	KL. 8	12
NEED FOR SPEED	KL. 10:45	12
HENTURÁNIÐ	KL. 6	L
HR. PÍBODY OG SÉRMANN	KL. 3D: 5:50	L
CAPTAIN AMERICA 2 3D	KL. 5:15-8-10:45	12
NOAH	KL. 8	12
NEED FOR SPEED	KL. 10:45	12
MUPPETS MOST WANTED	KL. 5:30	L

PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

BIÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

Reykjavík Shorts&Docs Festival

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



MARGIR GLEÐJAST The Goonies er ein af klassísku kvikmyndunum frá níunda áratugnum.

Framhald í bígerð

Leikstjórinn Richard Donner hefur í hyggju að gera framhald að kvikmyndinni The Goonies sem sló í gegn árið 1986. Hann stefnir á að fá alla leikara úr fyrri myndinni aftur í hlutverk sín, en meðal leikara í The Goonies voru Corey Feldman, Josh Brolin, Sean Astin, Jeff Cohen og Martha Plimpton.

„Þetta mun gerast. Ég er þúsund prósent viss um að það verður framhald. Ég legg börnin mín að veði,“ er haft eftir Richard á vefsíðunni Variety. - lkg



ÍSLAND GOT TALENT Ísland og Brasilía eru nýjustu löndin til að framleiða Got Talent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Got Talent í Heimsmetabók Guinness

Format-þátturinn Got Talent er kominn í Heimsmetabók Guinness sem vinsælasti format-þáttur allra tíma. Format-þáttur þýðir í raun að Got Talent er þáttur sem fylgir vissri uppskrift sem hægt er að staðfæra í hvaða landi sem er.

Þátturinn fór fyrst í loftið í Bretlandi undir nafninu Britain's Got talent. Síðan þá hafa 58 lönd gert sína útgáfu af þáttunum, meðal annars Ísland, en sjónvarpsþátturinn Ísland Got Talent hefur átt góðu gengi að fagna síðustu vikur á Stöð 2.

Tónlistar- og raunveruleika-sjónvarpsmóguillinn Simon Cowell á heiðurinn að formati Got Talent en þátturinn skákaði þættinum Strictly Come Dancing sem var hingað til talinn vinsælasti format-þáttur heims af Heimsmetabók Guinness. - lkg



VINSÆLL Justin er einn vinsælasti tónlistarmaður heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bætir við fleiri tónleikum

Tónlistarmaðurinn og verðandi Íslandsvinurinn Justin Timberlake er búinn að bæta við þrettán tónleikum í Norður-Ameríku á tónleikaferðalagi sínu 20/20 Experience World Tour. Nýju tónleikarnir eru í nóvember og desember og fara til dæmis fram í Portland og Atlanta.

Miðar fara í sölu þann 14. apríl en meðlimum í aðdáendaklúbb Justins, Tennessee Kids, gefst kostur á að kaupa miða í forsölu 8. apríl.

Mikil spennan ríkir hér á landi fyrir komu Justins en hann heldur tónleika í Kórnum þann 24. ágúst. Allir miðar á tónleikana seldust upp á svipstundu. - lkg

Íslensk hönnun er miklu meira en lopapeysur

Blaðamaður danska Politiken fer fögrum orðum um HönnunarMars.

Danski blaðamaðurinn Lars Hedebo Olsen hjá Politiken lofsamar HönnunarMars í grein sem birtist á dögunum á vef miðilsins. Þetta er annað árið í röð sem blaðamaðurinn gerir viðburðinum skil í danska blaðinu. Fyrirsögnin er „Íslensk hönnun er miklu meira en lopapeysur“ en Olsen er yfir sig hrifinn af HönnunarMars. Hann segir efniviðinn, hlutina og hönnuðina vera í brennidepli á Hönn-

unarMars, og það kann hann vel að meta. Sérstaklega hrifningu vakti hönnunar fyrirtækið Vík Þrjónsdóttir en þrjónaheill gallinn þeirra heillaði blaðmanninn sem helst vildi smygla honum með sér strax heim í ferðatöskunni.

Greinin endar á þeim nótum að hönnun frá Norðurlöndunum sé á hraðri uppleið þessa dagana og að „Íslendingunum sé svo mikil alvara að það sé næstum til að vera hræddur við“.



VAKTI ATHYGLI Danskur blaðamaður Politiken var hrifinn af HönnunarMars og sérstaklega af hönnun frá Vík Þrjónsdóttur.



LÆKKUN HÚSNÆÐISLÁNA OG VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐUR

Fræðslufundur í Arion banka, Borgartúni 19, miðvikudaginn 9. apríl kl. 17.15.

Á fundinum verður farið yfir fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til höfuðstólslækkunar húsnæðislána. Auk þess verða kostir viðbótarlífeyrissparnaðar kynntir.

Aðgerðirnar skiptast í þrennt:

- ▶ Niðurfærsla á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána eða með sérstökum persónuafslætti.
- ▶ Skattfrjálsa greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána.
- ▶ Skattfrjálsa greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar upp í útborgun á íbúð.

Fyrirlesari er Snædís Ögn Flosadóttir, sérfræðingur á eignastýringarsviði Arion banka.

Fundurinn stendur yfir í rúmlega klukkustund. Léttar kaffiveitingar í boði.

Allir velkomnir – skráning á arionbanki.is



Húnarnir teknir í gegn

KÖRFUBOLTI Grindavík hefndi í gær fyrir tapið gegn Njarðvík í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Dominos-deildar karla. Þeir fóru til Njarðvíkur og pökkuðu Húnum saman, 73-95.

Grindvíkingar mættu mun beittari til leiks og tóku forystuna strax í upphafi. Hana létu þeir svo ekki af hendi.

Lewis Clinch fór á kostum í liði Grindavíkur en hann skoraði 34 stig í leiknum. Ómar Örn Sævarsson var einnig frábær en hann skoraði 18 stig og tók 19 fráköst.

Lykilmenn Njarðvíkur náðu sér engan veginn á strik en Tracy Smith bar af með 29 stig. Liðin mætast næst í Grindavík á föstudag. Vinna þarf þrjá leiki til þess að komast í úrslit.

Næst er komið að þriðja leik KR og Stjórnummar en hann fer fram á fimmtudag og KR kemst í úrslitaeinvígið með sigri.

- hbg



PSG ætlar að vinna Meistaradeildina

FÓTBOLTI Tveir leikir fara fram í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í kvöld. Þetta eru seinni leikir liðanna.

Real Madrid ferðast til Þýskalands með 3-0 forskot eftir fyrri leik liðanna á Spáni. PSG er einnig í fínun málum en liðið vann fyrri leikinn gegn Chelsea, 3-1.

Chelsea skoraði þó mikilvægt útvallarmark og 2-0 sigur liðsins á heimavelli fleytir því áfram í undanúrslit.


Laurent Blanc, þjálfari PSG, segir að þrátt fyrir ágæta stöðu komi ekki til greina hjá hans liði að liggja til

baka og verja forskotið. Hann lofar mikilli skemmtun.

„Þetta verður frábær leikur. Chelsea mun sækja grimmt á okkur og fyrir vikið eigum við að fá færi til þess að sækja. Það munum við svo sannarlega gera,“ sagði Blanc.

„Við viljum spila okkar leik þó svo við séum á útivelli. Við höfum sett markið mjög hátt og aðalmarkmið liðsins er að vinna Meistaradeildina. Ef við ætlum að vera alvörulíð í Evrópu þá þurfum við að geta stýrt leikjum og spilað okkar leik á heima- og útivelli.“ Leikirnir hefjast klukkan 18.45.

- hbg



HEITUR Lavezzi fagnar marki í fyrri leik liðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Samstaðan er lykillinn hjá Snæfelli

Kvennalið Snæfells varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn á sunnudagskvöldið. Hápunktur verkefnis sem lagt var af stað með fyrir fimm árum. Í Stykkishólmi hjálpast allir að en leikmenn þrifa bíla og sjá um ratleiki. Páll Óskar er vinur bæjarins og sá um stuðið.

KÖRFUBOLTI „Við lukum fagnaðarlátunum á Hótel Stykkishólmi um miðnætti enda vinnudagur í dag og lífið heldur áfram,“ segir Gunnar Svanlaugsson, formaður körfuknattleiksdeildar Snæfells, við Fréttablaðið en hann og hans fólk fögnuðu fyrsta Íslandsmeistararitli kvennaliðs bæjarins á sunnudagskvöldið þegar konurnar sópuðu Haukum í lokaúrslitum.

Sigurinn er eins konar hápunktur verkefnis sem Hólmarar lögðu af stað með árið 2009 þegar Ingi Þór Steinþórsson var fenginn til starfa, en hann þjálfar bæði liðin. Hann gerði karlaliðið að Íslands- og bikarmeisturum strax á fyrsta tímabili og er nú búinn að endurskrifa söguna í kvennakörfunni.

„Við sóttum leiðtogann okkar suður og fórum reyndar aðeins fram úr okkur þarna strax á fyrsta tímabili þegar við verðum tvöfaldir meistarar í karlaflokki. Þarna ákváðum við að byggja ofan á allt það góða sem hafði verið gert áður. Í fyrra skrifaði ég svo undir nýjan þriggja ára samning við Inga Þór og af virðingu við hann sagði ég honum að ég sem formaður og mín stjórn myndum vera með honum í þessu partíi allan tímann,“ segir Gunnar.

Umgjörð er eitthvað sem Snæfellingar taka alvarlega og telja hana hafa bein áhrif á frammistöðuna.

„Það er vel mætt á leikina hérna. Það voru 600 manns á síðasta leik í þúsund manna bæjarfélagi. Við undirbúum okkur mjög vel fyrir leiki og þeim mun betur fyrir síðasta leik. Umgjörðin er það eina sem stelpurnar geta ekki gert neitt í en ef við stöndum okkur vel í því þá verða áhorfendur ánægðari og þá leggja stelpurnar ómeðvitað meira á sig,“ segir Gunnar, en það hafa allir í bænum sitt hlutverk.

Páll Óskar og karlakór

„Það er flaggað að morgni hvers einasta keppnisdags. Herra mennirnir sem sjá um það fyrir mig eru á nírfæðisaldri. Þeir eru vaknaðir fyrstir og því best að semja við þá. Við erum búnir að leggja þetta upp þannig að nánast hver einasti bæjarbúi veit hvert hlutverk hans er á leikdegi.“

Gunnar og félagar fóru svo alla leið með umgjörðina í úrslitarímmunni. Þeir fengu Karlakór Reykjavíkur til að syngja þjóðsönginn fyrir fyrsta leik og Páll Óskar tróð svo upp á sunnudaginn.

„Það er nú ekki hægt að sérpanta svona karlakór en við vorum svo heppnir að hann var í æfingabúðum hérna. Páll Óskar er tengdur þjálfaranum eins og hefur komið fram en hann er líka mikill vinur okkar og hjálpar okkur með danska daga. Hann tók „We are the

champions“ fyrir okkur. Þetta var nú eflaust í fyrsta skipti sem hann les texta af blaði sem sýndi bara að þetta hefur hann aldrei gert áður. Þetta var alveg magnað hjá honum,“ segir Gunnar.

Allir leggja sitt af mörkum

Karla- og kvennadeildin í körfunni í Hólminum var sameinuð 2009 þegar þetta farsæla verkefni fór af stað. Gunnar segir að reksturinn árlega sé þetta 33-34 milljónir. Félagið nýtur stuðnings öflugra styrktaraðila en það leggur líka töluvert í púkkið sjálft. Í Stykkishólmi fer enginn til að hvíla sig.

„Við stýrum hérna jólaballinu á hverju ári, við þrífum hús, bónum bíla og sláum tún hjá fólki sem á hér sumarhús. Einnig sjáum við um ratleiki í samstarfi við Hótel Stykkishólmi. Með þessu náum við okkur í mikla peninga og erum líka sýnileg. Þetta finnst fólkinu gott,“ segir Gunnar, en Snæfellingar leita því eðlilega uppi leikmenn sem tilbúnir eru að taka þátt í þessum pakka.

„Það hefur enginn sagt nei heldur vill fólk miklu frekar koma hingað þegar það fréttir þetta.“

Að heyra Gunnar tala um Snæfellsliðið sitt er eins og að heyra nýbakaða móður tala um ungbarn sitt. Ástin er sönn. Það er því kannski smá kaldhæðni að hann á



SIGURKOSS Berglind smellir kossi á föður sinni Gunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓJ

einmitt barn í liðinu en Berglind Gunnarsdóttir varð Íslandsmeistari með Snæfelli í gær. Í Haukum var svo önnur dóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir.

„Ég er svo ríkur maður. Ég á fjögur yndisleg börn sem ég elska öll jafnmikið. Þegar þessir leik-

ir eru í gangi þá segi ég ekki orð af virðingu við stelpurnar. Liðið mitt heitir auðvitað Snæfell en ég klappa fyrir því sem vel er gert. Ég er bara stoltur faðir að eiga stúlkur í báðum liðum. Það gerist ekki betra en það,“ segir Gunnar Svanlaugsson. tom@frettabladid.is

Kolvetrnaskert, próteinríkt og fitulaust

Hentar fyrir LKL mataræði



Skýr.is



Vildi hafa Peter áfram

Jón Arnór Stefánsson sér eftir Peter Öqvist.

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson spilaði vel í mögnuðum sigri CAI Zaragoza gegn stórveldinu Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta um síðustu helgi.

„Ég gaf það út fyrir leikinn á blaðamannafundi að við ættum möguleika á að vinna Barcelona og það fór bara nettur hlátur um salinn. Það var hlegið að mér,“ segir Jón Arnór léttur við Fréttablaðið um þennan merka sigur.

Enn er nóg eftir af tímabilinu á Spáni en eins og staðan er núna myndi Zaragoza mæta Barcelona í fyrstu umferð úrslitakeppinnar. Það er eitthvað sem það vill sleppa við.

„Við setjum stefnuna á fimmta sæti. Það yrði erfitt að mæta Barcelona, Real Madrid eða Valencia sem er að spila mjög vel. Við eigum möguleika á móti öllum hinum liðunum tel ég.“

Jón Arnór verður í eldlínunni

með íslenska landsliðinu í sumar sem mætir Bosnía og Bretlandi í undankeppni EM 2015. Þar verður liðið með nýjan þjálfara, Kanadamaðmanninn Craig Pedersen.

„Ég þekki bara ekkert til hans. Ég hef samt heyrt að þetta sé góður og nokkuð traustur þjálfari. Það er kannski aukaatriði. Aðalatriðið er að hann sé góður maður því Peter [Öqvist, fráfarandi þjálfari] var ekki bara fær þjálfari heldur góður maður sem hægt var að leita til,“ segir Jón Arnór en viðurkennir að hann vildi ólmur hafa Svíann áfram sem landsliðsþjálfara.

„Ég hefði viljað hafa minn mann Peter áfram. Við vorum búnir að ná miklum framförum með hann sem þjálfara. Mér fannst það bara sjálfsagt framhald að hann yrði áfram en það gekk því miður ekki. En það breytir því ekki að ég er mjög spenntur fyrir þessu verkefni í sumar,“ segir Jón Arnór. tom



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM – GÆÐI Í GEGN



Walton Tungusófi

Tungusófi með hvíldarstól í enda. Til hægri eða vinstri tunga í fjölmörgum litum, hvort sem tauáklæði eða alklæddur leðri.



Gary

Vinsæll sófi með stuðninginn á réttum stöðum. Hvíldarstólar í endum, raf- eða handstýrðir. Alklæddur leðri eða tauáklæði í mörgum litum.



Massa

Stílhreinn og flottur hvíldarsófi með háu baki. Raf- eða handstýrðir hvíldarstólar í endum. Til í mörgum litum alklæddur leðri eða tauáklæði.



Gary

Einstaklega þægilegur hægindastóll. Sérstök mjóbaksbólstrun gerir þennan stól mjög þægilegan. Fáanlegur raf- eða handstýrður. Margir litir í boði, alklæddur leðri eða í tauáklæði.



Ezzy

Nettur og góður hægindastóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða. Raf- eða handstýrður í mörgum litum, alklæddur leðri eða tauáklæði.



Mobius

Í senn nettur og þægilegur hægindastóll. Klassísk en nútímaleg hönnun með þægindin í huga. Alklæddur leðri, fáanlegur í fjölmörgum litum.



Tracy Lyftistöll

Fallegur og einfaldur í notkun fyrir þá sem að eiga erfitt með að standa upp úr stólum. Til bæði í tauáklæði og alklæddur leðri í nokkrum litum.



Yuni

Fallegur horn og tungusófi. Fæst hægri eða vinstra horn, alklæddur leðri í mörgum litum eða tauáklæði. Nokkrar stærðarútfærslur í boði. Hvíldarstóll í enda.



Espace

Smekklegur og nettur sófi sem frábært er að sitja í. Nokkrar stærðir í boði. Alklæddur leðri eða tauáklæði. Mikið litaúrval.



Demetra svefnsófi

Glæsilegur og vandaður svefnsófi frá Ítalíu. Hægt að fá í mörgum útfærslum og litum m.a sem tungusófi.



Rinoa tungusófi

Alklæddur leðri en einnig til með áklæði. Margar útfærslur og úrval lita. Hægri eða vinstri tungusófi



Dawn tungusófi

Flottur og vandaður tungusófi, alklæddur þykku nautaleðri. Hægri eða vinstri tunga.



Italiano

Flottur og mjög þægilegur sófi. Fáanlegur í nokkrum litum í leðri og áklæði.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

Stöð 2 kl. 19.20

Um land allt

Kristján Már Unnarsson fjallar áfram um Róbert Guðfinnsson og milljarða-fjárfestingar hans á Siglufirði. Róbert svarar því hvernig hann auðgaðist í útlöndum og hvers vegna hann yfirgaf Ísland óvænt fyrir áratug eftir að hafa náð völdum í stærsta fyrirtæki landsins.



Í KVÖLD



Castle RUV KL. 20.40 Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermir eftir atburðum í bókum hans. Meðal leikenda eru Nathan Fillion, Stana Katic, Molly C. Quinn og Seamus Dever.



Scandal SKJÁREINN KL. 23.35 Olivia Pope heldur áfram að redda ólíklegasta fólki úr ótrúlegum aðstæðum í skugga spillingarstjórnmalanna í Washington. Í aðalhlutverkum eru Kerry Washington, Tony Goldwyn og Columbus Short.



Chelsea - PSG STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30 Bein útsending frá síðari leik Chelsea og Paris St. Germain í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. PSG vann fyrri leikinn 3-1 og því á brattann að sækja hjá Chelsea.

FM957 kl. 7.00

Söngfluglarnir Erna Hrönn og Sverrir Bergmann byrja daginn með hlustendum sínum á léttu nótunum.



habitat 1964

VORSPRETTUR!

20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM VORSPRETTI LÝKUR Í DAG

STÖÐ 2

- 07:00 Barnatími Stöðvar 2
- 08:05 Malcolm In the Middle (14:22)
- 08:30 Home Edition
- 09:15 Bold and the Beautiful
- 09:35 Doctors
- 10:15 The Wonder Years (3:24)
- 10:40 The Middle (20:24)
- 11:05 White Collar (16:16)
- 11:50 Flipping Out (2:11)
- 12:35 Nágrannar
- 13:00 The X-Factor US (8:26)
- 13:50 Covert Affairs (2:16)
- 14:35 In Treatment (19:28)
- 15:05 Sjáðu
- 15:35 Ozzy & Drix
- 16:00 Scooby-Doo! Leynifélagið
- 16:25 Mike & Molly (6:24)
- 16:45 How I Met Your Mother (8:24)
- 17:10 Bold and the Beautiful
- 17:32 Nágrannar
- 17:57 Simpson-fjölskyldan (10:22)
- 18:23 Veður
- 18:30 Fréttir Stöðvar 2
- 18:47 Íþróttir
- 18:54 Ísland í dag
- 19:11 Veður
- 19:20 Um land allt
- 19:45 New Girl (19:23)
- 20:10 Mike & Molly (10:23)
- 20:35 The Mentalist (16:22)
- 21:20 The Smoke (1:8)
- 22:05 Bones (23:24)
- 22:50 Daily Show: Global Edition
- 23:15 Grey's Anatomy (17:24)
- 00:00 Rita (4:8)
- 00:45 Believe (3:13)
- 01:30 Crossing Lines (2:10)
- 02:20 Burn Notice (10:18)
- 03:00 Fringe (2:22)
- 03:45 The Mentalist (16:22)
- 04:30 Mike & Molly (6:24)
- 04:55 How I Met Your Mother (8:24)
- 05:20 Simpson-fjölskyldan (10:22)
- 05:45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07:00 Njarðvík - Grindavík
- 13:20 Real Sociedad - Real Madrid
- 15:00 Spænsku mörkin
- 15:30 Njarðvík - Grindavík
- 17:00 Liðið mitt Snæfell
- 17:30 Meistarad. Evrópu - fréttapáttur
- 18:00 Meistaradeildin - upphitun
- 18:30 Chelsea - PSG BEINT
- 20:45 Meistarad. - meistaramörk
- 21:15 Dortmund - Real Madrid
- 23:05 Meistarad. Evrópu Chelsea - PSG
- 00:55 Meistarad. - meistaramörk

SPORT 2 enski boltinn

- 11:50 Everton - Arsenal
- 13:30 Aston Villa - Fulham
- 15:10 Chelsea - Tottenham 2003
- 15:40 Messan
- 17:00 Premier League World
- 17:30 Chelsea - Stoke
- 19:10 Season Highlights
- 20:05 Ensku mörkin
- 21:00 Destination Brazil
- 21:30 Ensku mörkin - neðri deild
- 22:00 Newcastle - Man. Utd.
- 23:40 Hull - Swansea

STÖÐ 3

- 12:15 Simpson-fjölskyldan (21:22)
- 12:35 Friends (21:24)
- 13:00 Pretty Little Liars (7:25)
- 13:40 Mindy Project (21:24)
- 14:00 Suburgatory (21:22)
- 14:20 Glee (21:22)
- 15:05 Hart of Dixie (21:22)
- 15:45 Gossip Girl (21:24)
- 16:30 The Carrie Diaries (8:13)
- 17:10 Pretty Little Liars (21:22)
- 17:55 Junior Masterchef Australia
- 18:35 Baby Daddy (3:16)
- 19:00 Home Edition (24:26)
- 19:40 Hart of Dixie (8:22)
- 20:25 Þriðjudagskvöld með Frikkja Dór
- 20:55 Nikita (8:22)
- 21:35 Southland (3:10)
- 22:20 Revolution (6:22)
- 23:00 Arrow (17:24)
- 23:40 Tomorrow People (7:22)
- 00:20 Home Edition (24:26)
- 01:05 Hart of Dixie (8:22)
- 01:50 Pretty Little Liars (7:25)
- 02:35 Þriðjudagskvöld með Frikkja Dór
- 03:05 Nikita (8:22)
- 03:50 Southland (3:10)

Krakkastöðin

- 08:00 Áfram Diego, áfram! 08:24 Svampur Sveinsson 08:45 Hvellur keppnisbíl 08:55 UKI 09:00 Ævintýri Tinna 09:25 Brunabíllarnir 09:47 Tom and Jerry 09:55 Rasmus Klumpur 10:00 Skógardýrið Húgó 10:23 Latibær 10:47 Ævintýraferðin 11:00 Dóra könnuður 11:24 Mörgæsinar frá Madagaskar 11:45 Doddi litli 11:55 Sumardalsmyllan 12:00 Áfram Diego, áfram! 12:24 Svampur Sveinsson 12:45 Hvellur keppnisbíl 12:55 UKI 13:00 Ævintýri Tinna 13:25 Brunabíllarnir 13:48 Tom and Jerry 13:55 Rasmus Klumpur 14:00 Skógardýrið Húgó 14:22 Latibær 14:46 Ævintýraferðin 15:00 Dóra könnuður 15:24 Mörgæsinar frá Madagaskar 15:45 Doddi litli 15:55 Sumardalsmyllan 16:00 Áfram Diego, áfram! 16:24 Svampur Sveinsson 16:45 Hvellur keppnisbíl 16:55 UKI 17:00 Ævintýri Tinna 17:22 Brunabíllarnir 17:45 Tom and Jerry 17:55 Rasmus Klumpur 18:00 Skógardýrið Húgó 18:22 Latibær 18:46 Ævintýraferðin 19:00 Latabæjarhátíð í Höllinni 20:15 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17:45 Strákarnir
- 18:10 Friends (15:24)
- 18:35 Seinfeld (1:22)
- 19:00 Modern Family (6:24)
- 19:25 Two and a Half Men (10:23)
- 19:50 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi (6:10)
- 20:15 Veggfóður (20:20)
- 21:00 Twenty Four (9:24)
- 21:40 Anna Pihl (4:10)
- 22:25 Lærkevej (2:10)
- 23:10 Chuck (1:13)
- 23:50 The Fixer (3:6)
- 00:35 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi (6:10)
- 01:00 Veggfóður (20:20)
- 01:40 Anna Pihl (4:10)
- 02:25 Lærkevej (2:10)
- 03:05 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 11:40 New Year's Eve
- 13:35 Diary of a Wimpy Kid
- 15:15 Bowfinger
- 16:50 New Year's Eve
- 18:45 Diary of a Wimpy Kid
- 20:25 Bowfinger
- 22:00 Rampart
- 23:45 Rise Of The Planet Of The Apes
- 01:30 Still Waiting
- 03:00 Rampart

RÚV

- 16:20 Ástareldur Sturm der Liebe
- 17:15 Múshús Mikka
- 18:10 Sveppir (6 af 26)
- 18:25 Táknálsfréttir
- 18:30 Viðtalið Siddhartha Kaul Póra Arnórsdóttir ræðir við Siddhartha Kaul, forseta SOS-barnahorpanna á alþjóðavísu. Hann hefur tengst starfsemi samtakanna frá tíu ára aldri, en faðir hans stýrði byggingu fyrstu barnahorpanna á Indlandi á 7. áratugnum. Eftir háskólanám í listum og arkitektúr hóf Siddhartha Kaul störf fyrir SOS-barnahorpin og hefur hann unnið að uppbyggingu starfseminnar um allan heim síðan, undanfarnir tvö ár sem forseti þeirra.
- 19:00 Fréttir
- 19:25 Veðurfréttir
- 19:30 Íþróttir
- 19:40 Kastljós
- 20:10 Leiðin á HM í Brasilíu
- 20:40 Castle
- 21:25 Djöflaeyjan
- 22:00 Tíufréttir
- 22:15 Veðurfréttir
- 22:20 Thorne: Hræðslupúki (2-3) Breskir þættir um rannsóknarlögreglu-manninn Tom Thorne sem nú virðist leita tveggja raðmorðingja í einu. Aðalhlutverk: Lorraine Ashbourne og Brana Bajic. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 23:05 Spilaborg (8-13) House of Cards
- 23:55 Kastljós
- 00:20 Fréttir
- 00:30 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06:00 Pepsi MAX tónlist
- 08:00 Cheers (13:26)
- 08:25 Dr. Phil
- 09:05 Pepsi MAX tónlist
- 16:05 Titanic - Blood & Steel (2:12)
- 16:55 Got to Dance (13:20)
- 17:45 Dr. Phil
- 18:25 Top Chef (3:15)
- 19:10 Cheers (14:26)
- 19:35 Sean Saves the World (13:18)
- 20:00 The Millers (13:22)
- 20:25 Parenthood (14:15)
- 21:10 The Good Wife (9:22)
- 22:00 Elementary (14:24) Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamáli í New York-borg nútímans. Síðustu þáttaröð lauk með því að í ljós kom að unnusta Sherlocks, Irine Adler, var Moriarty próffessor.
- 22:50 The Tonight Show
- 23:35 Scandal (12:22)
- 00:20 Elementary (14:24)
- 01:10 The Tonight Show
- 02:00 Pepsi MAX tónlist

SKJARSPORT

- 06:00 Motors TV 12:35 Bundesliga Highlights Show 13:25 Borussia Dortmund - VfL Wolfsburg 15:25 Vitesse - AFC Ajax 17:25 Heerenveen - PSV Eindhoven 19:25 Dutch League - Highlights 20:00 Dutch League - Highlights 21:00 Dutch League - Highlights 22:00 Dutch League - Highlights 23:00 Motors TV

Golfstöðin

- 08:00 PGA Tour 11:00 Golfing World 11:50 LPGA Tour 14:50 PGA Tour 17:50 Golfing World 18:40 PGA Tour - Highlights 19:35 PGA Tour

INN

- 20:00 Hrafnþing 21:00 Stjörnarráðið 21:30 Skuggaráðuneytið

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2

FM 90,9

- Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

FM 96,3

- FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið

FM 98,9

- Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 Kaninn

FM 102,2

- Útv. Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útvarp Boðun

BONUS BONUS BONUS BONUS



698
kr. 150g



1298
kr. 520g



1998
kr. 1000g



5.000
PAKKAR Í BÓÐI
579
kr. 500g



10.000
PAKKAR Í BÓÐI
598
krónur 565g



10.000
PAKKAR Í BÓÐI
498
krónur 518g



10.000
PAKKAR Í BÓÐI
498
krónur 465g



998
krónur bakkinn



1259
krónur kg.

Bónus Hamborgarhryggur



2 LTR.



359
krónur 2 ltr.



159
kr 5 stk.



359
kr 10 stk.

Bónus Pylsubrauð 5 stk & Pylsur 10 stk 485g



BÓNUS KAFFI



359
kr 500g.



198
kr. 1 kg.

Bónus kornbrauð 1 kg.



179
kr. 600g

Bónus 3ja kornabrauð 600g



DÚ KAUPIR FJÓRAR 2L PEPSI & FÆRÐ TVÆR 2L FRÍTT MEÐ



398
kr. 125g

BÓNUS FERSKT LAMBHAGASALAT 125g Íslensk vistvæn ræktun - Betra bragð

AFGREIÐSLUTÍMI
ÞRIÐJUDAGUR
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
ÞRIÐJUDAGUR
11:00-18:30

BESTI BITINN



Ein með remolaði, steiktum lauk og tómatsósu á Bæjarins bestu er gjör-samlega ómissandi.

Sunneva Sværisdóttir sjónvarpskona

Úr sveittri rútu á stóran leikvang

Púsundþjalasmiðurinn Jón Þór Sigurðsson er tvöfaldur Íslandsmeistari í skotfimi, trommari í hljómsveitinni Diktu og flugmaður hjá Flugfélaginu Ernir.

„Þetta er rosalega skemmtilegt sport,“ segir Jón Þór Sigurðsson, hljómsveitarmedlimur Diktu, en hann varð nýverið Íslandsmeistari í skotfimi í flokki liggjandi fimmtíu metra ríffils.

Jón Þór hefur ekki stundað skotfimi lengi. „Þetta er smá grillað því ég byrjaði bara að æfa í lok árs 2009,“ útskýrir hann, en Jón Þór varð Íslandsmeistari í sama flokki tveimur árum síðar, árið 2011, og var í

kjölfarið tekinn inn í landsliðið í skotfimi.

„Síðan var ég bara mættur fyrir Íslands hönd á smáþjóðleikana í Liechtenstein,“ bætir hann við, en hann hafnaði í þriðja sæti á leikunum.

„Við vorum einmitt um þetta leyti að koma úr þriggja vikna tónleikaferðalagi þegar ég fór beint að keppa á smáþjóðleikunum,“ útskýrir hann, en ásamt því að vera afreksmaður í skot-

fimi þá spilar hann á trommur í hljómsveitinni Diktu og er flugmaður hjá Flugfélaginu Ernir.

„Þannig að ég fór beint úr sveittri hljómsveitarrútu og inn á stóran leikvang að heilsa áhorfendum,“ segir hinn fjölhæfi Jón Þór að lokum og hlær.

ÍSLANDSMEISTARI Jón Þór Sigurðsson er vígalegur með ríffilinn.

MYND/EINKASAFN



KATLA FUND

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002
(the "SICAV")

ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS

The Board of Directors is pleased to convene the shareholders of KATLA FUND to attend the annual general meeting to be held at the registered office of the SICAV on 17 April 2014 at 10.00 a.m. with the following agenda:

1. Report of the Board of Directors and of the approved statutory auditor
2. Approval of the annual accounts as at 31 December 2013
3. Allocation of the results
4. Discharge to the directors
5. Renewal of the mandate of the approved statutory auditor
6. Statutory elections
7. Miscellaneous

The shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the SICAV. Shareholders, who wish to attend the annual general meeting, are requested to inform the Board of Directors (Fax nr: +352 49 924 2501 – if.s.fds@bd.lu) at least five calendar days prior to the annual general meeting.



SKÍTAMÓRALL Hljómsveitin fékk bara að heita Móráll þegar hún tróð upp í fyrsta sinn á Þjóðhátíð árið 1991.



VINSÆLIR Sveitin Kaleo var valin nýliði ársins á Hlustenda-verðlaununum og plata hennar Kaleo plata ársins.

Kaleo, Mammút og Skítamóráll í Eyjum

Tilkynnt hefur verið hverjar þrjár fyrstu hljómsveitirnar sem spila á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum verða en miðasala á hátíðina hefst um miðjan apríl. Hátíðin fagnar 140 ára afmæli í ár. Skítamóráll spilaði fyrst á hátíðinni árið 1991 en Mammút og Kaleo hafa aldrei troðið upp í Eyjum. Allar sveitirnar lofa nýju efni í Herjólfssdal.

„Þetta gerist á fimm ára fresti, við spilum síðast árið 2009, þar á undan árið 2004 og ég held meira að segja að við höfum spilað í Eyjum árið 1999. Það er mikil tilhlökkun innan hópsins,“ segir Herbert Viðarsson, bassaleikari hljómsveitarinnar Skítamórálls. Hljómsveitin treður upp á Þjóðhátíð í Eyjum ásamt hljómsveitunum Kaleo og Mammút. Þjóðhátíð í Eyjum fagnar 140 ára afmæli í ár og verður meira lagt í dagskrána í ár en oft áður. Kaleo, Mammút og Skítamóráll eru fyrstu þrjú böndin sem tilkynnt eru á hátíðinni og verða fleiri listamenn tilkynntir á næstunni.

„Þetta verður geðveikt. Við reynum alltaf að toppa síðasta skiptið og það var ógeðslega gaman fyrir fimm árum. Þetta verður hápunktur sumarsins og flott að loka sumrinu þarna,“ bætir Herbert við. Hljómsveitin gaf nýverið út lagið Þú ert ein af þeim og segir Herbert að þeir ætli að bjóða upp á fleiri ný lög í Eyjum um verslunarmannahelgina. Skítamóráll spilaði fyrst á Þjóðhátíð árið 1991 og man Herbert vel eftir því. Þá voru meðlimir sveitarinnar aðeins fimmtán ára gamlir.

„Við sættum okkur við allt og kipptum okkur ekkert upp við það þegar við vorum sóttir á pallblí sem var fullur af fiski og þurftum við að sitja innan um fiskikörin. Svo fengum við ekki að heita Skítamóráll. Árna Johnsen og þeim í Þjóðhátíðarnefnd fannst það fulldónalegt nafn þannig að þeir tóku skítinn framan af nafninu og við hétum bara Móráll frá Selfossi.“

„Við erum súper spenntir. Við erum byrjaðir að vinna í nýju efni sem skilar sér í spilun á næstunni. Við tökum klárlega nýtt efni á Þjóðhátíð ásamt einhverju af plötunni okkar, Kaleo,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari hljómsveitarinnar Kaleo. Hann segir að hljómsveitarmedlimirnir hafi ekki hikað þegar þeir voru beðnir um að troða upp á hátíðinni.

„Það var aldrei spurning þegar okkur bauðst að spila á Þjóðhátíð. Þetta er örugglega langskemmtilegasta gígg sem maður fær á Íslandi.“

Þetta er í fyrsta sinn sem sveitin spilar á Þjóðhátíð en sveitin var



PRENNA Mammút hlaut þrenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum. Plata sveitarinnar, Komdu til mín svarta systir, var valin plata ársins í flokknum popp og rokk og plötuumslagði það besta. Þá var lagið Salt með hljómsveitinni einnig valið lag ársins í sama flokki.

STAÐREYNDIR UM ÞJÓÐHÁTÍÐ 2014

- Þjóðhátíð í Eyjum fagnar 140 ára afmæli sínu í ár
- Þjóðhátíðarnefnd lofar glæsilegri dagskrá í tilefni af afmælinu
- Hátíðin fer fram dagana 1. til 3. ágúst
- Miðasala hefst mánudaginn 14. apríl á síðunni dalurinn.is

sigursæl á nýafstöðnum Hlustenda-verðlaunum og sópaði til sín þrennum verðlaunum.

„Hinir strákarnir hafa farið áður á Þjóðhátíð að skemmta sér en ég hef aldrei farið þannig að þetta er aukagleði fyrir mig,“ bætir Jökull við.

Alexandra Baldursdóttir í hljómsveitinni Mammút er líka full tilhlökkunar fyrir hátíðinni en meðlimir sveitarinnar hafa aldrei sótt hana heim.

„Við erum mjög spennt. Við höfum aldrei farið á Þjóðhátíð. Tónlistarstefnan okkar hefur ekki beint verið fyrir markhópin á hátíðinni þannig að við vorum mjög ánægð með að vera beðin að spila. Við erum sérstaklega ánægð því það eru alltaf einhverjir fordómar gagnvart Þjóðhátíð þannig að þetta verður góð vísindafærð. Við erum mjög spennt fyrir því að prófa að spila fyrir nýtt fólk og ánægð með að fá þetta tækifæri,“ segir Alexandra,

„Svo fengum við ekki að heita Skítamóráll. Árna Johnsen og þeim í Þjóðhátíðarnefnd fannst það fulldónalegt nafn þannig að þeir tóku skítinn framan af nafninu og við hétum bara Móráll frá Selfossi.“

Herbert Viðarsson

en árið er fullbókað hjá sveitinni. „Við erum að spila rosalega mikið í sumar. Gítarleikarinn okkar, hann Arnar, er búinn að vera í Finnlandi í tvo mánuði og kemur heim á morgun. Við idum í skinninu að komast í húsnæði og æfa saman. Við ætlum eiginlega að taka íslenskan festivalatúr í sumar og erum búin að bóka okkur á flestar hátíðir.“

liljakatrin@frettabladid.is



ÚRVALSFÓLKSFERÐ Tenerife 2. – 21. maí



★★★★

Best Tenerife

Hálft fæði innifalið

VERÐ FRÁ

231.900 KR.

á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli.

Brottför: 2. maí

Heimkoma: 21. maí.



★★★★

La Siesta

Hálft fæði innifalið

TILBOÐSVERÐ

208.900 KR.

á mann miðað við 2 fullorðna í tvíbýli.

Brottför: 2. maí

Heimkoma: 21. maí



Skemmtanastjóri
á Tenerife

Kjartan Trausti



ÚRVAL-ÚTSÝN


HLÍÐASMÁRA 19, KÓP. | S. 585 4000 | UU.IS

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



SAF T





ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

≡ DOMINO'S ≡

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauffléttan botn.

≡ 2 L AF COKE ZERO Á 100 KR. ≡

Fáðu þér ískalda 2 lítra Coke Zero á **aðeins 100 kr.**
með þriðjudagstilboðinu! Gildir aðeins í dag, 8. apríl.



KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
 í Engihjalla og Vesturbergi



Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Snorri og Ásgeir leggja land undir fót

Lundúnir, Liverpool og Manchester eru meðal þeirra borga þar sem söngfluglarnir Ásgeir Trausti og Snorri Helgason munu koma saman fram í mánuðinum.

Tónlistarmennirnir flinku hafa nokkrum sinnum áður stigið saman á svið og þeir halda nú saman fimm tónleika á næstu sjö dögum.

Þeir fyrstu fara fram í Union-keppni í Lundúnum í kvöld. Ferðalaginu lýkur svo með tónleikum í Manchester þann 13. apríl næstkomandi. - bá



Belfort ódýrari í Danmörku

Úlfurinn á Wall Street, Jordan Belfort, heldur söluráðstefnu þann 6. maí í Hörpu. Miðaverð á viðburðinn er frá 39.900 krónum og upp í 49.900 krónur. Fyrirlesturinn sem Belfort heldur stendur í fjóra tíma og kynnis hann meðal annars sölukerfið Straight Line Persuasion. Belfort heldur þriggja tíma fyrirlestur í Danmörku í september og kostar aðeins 340 danskar krónur á hann, rétt rúmlega sjö þúsund krónur. Jón Gunnar Geirdal stendur fyrir komu Belforts til landsins og hefur engar skýringar á því af hverju talsvert ódýrara er að fræðast hjá Úlfinum í Danmörku en á Íslandi. - lk



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Vigdís segir rök í ESB-skýrslu vera haldlaus
- 2 Finnur ennþá lykt af blóðinu
- 3 Pessi jó jó drengur er svo með etta
- 4 Finnar komust óvænt í undankeppni EM 2016 | Geta mætt Íslandi
- 5 „Bara alls ekki nógu gott“
- 6 Virðisaukaskattur á matvöru, tónlist og bækur gæti hækkað

RE/MAX Lind

FAGLEG
 FASTEIGNAÞJÓNUSTA

Þórunn Pálsdóttir
 Sölufulltrúi
 Byggingarverkr., MBA
 thorunn@remax.is
 773 6000

Þórunn Gísladóttir
 Löggiltur fasteignasali
 510 7900
 thorunn@remax.is

RE/MAX Lind • Hlíðasmára 6 • 201 Kópavogur

Fermingar tilboð

TAKMARKAÐ MAGN

12 mána. vaxtalaugar greiðslur*

VALHÖLL (eldri gerð)
 Svæðisskipt heilsudýna
 5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun.
 Verð með PU-leðurbotni og fótum.
 120x200 cm **Tilboðsverð kr. 69.900.-**
 140x200 cm **Tilboðsverð kr. 79.900.-**

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

MEMORY Þrýstijöfnunar heilsudýna
 Mótast að líkamanum og veitir mjög góðan stuðning.
 Þyngdardreifingin er mjög góð og álagspunktur við axlir og mjaðmir svo til engir.
 Kaldþrýstijöfnunarefni í efsta lagi sem hjálpar við að viðhalda jöfnu hitastigi í líkamanum.
 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 99.900.-
 Verð áður kr. 119.900.-
 140x200 cm
Tilboðsverð kr. 119.900.-
 Verð áður kr. 139.900.-

IQ-CARE Hágæða svæðisskipt heilsudýna
 Ein besta heilsudýna í heimi með 7 svæðaskiptum svefnflötum, 23 cm háþróuð þrýstijöfnunardýna, mjúkt og þægilegt axlarsvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa.
 Verð með leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
 120x200 cm
Verð aðeins kr. 169.900.-
 140x200 cm
Verð aðeins kr. 189.900.-

SAGA / FREYJA
 Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur
 Með 7 svæðaskiptu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlarsvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa.
 Verð með leðurbotni og fótum.
 120x200 cm
Verð aðeins kr. 119.900.-
 140x200 cm
Verð aðeins kr. 139.900.-

Svefn & heilsa
 ★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
 Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
 Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
 Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri | Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum